

FRÉTTABLAÐIÐ

306. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

LAUGARDAGUR 30. DESEMBER 2017

FRÍTT

Gledilegt nýtt ár



FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR

Fréttablaðið þakkar lesendum samfylgdina á gamla árinu og óskar landsmönnum velfarnaðar á nýju ári.



Farið yfir
leikárið
→22



Rökstólar
Rapp og byltingar →20



Völvuspá 2018
Ólga og uppgangur →16

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK • HEILSA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

S STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR
SÉRSTAKIR GESTIR:
Kristjana Stefáns
Ragneiður Gröndal
Hogni Egilsson
Friðrik Dór
STJÓRNANDI
OG KYNNIR:
Sigurður Flóason

NÝÁRSTÓNLEIKAR Í ELDBORG
GULLÖLD
SVEIFLUNNAR
7. JANÚAR KL. 20.00

Við getum aðstoðað um áramótin

LYFJA
- Lífið heil

Gamlársdagur
Opíð 8-18 í Lágmúla og á Smáratorgi


Nýársdagur
Opíð 10-24 í Lágmúla Opíð 9-24 á Smáratorgi

SMÁRALIND

GLEÐILEGT NÝTT ÁR

OPÍÐ Í DAG 11-18
OPÍÐ Á MORGUN 10-13

Veður



Norðaustlægt eða breytilegt átt 3-10 m/s, en austan 13-18 syðst á landinu um morguninn. Stöku él norðan- og austanlands, sem og á SV-horninu, annars víða léttskýjað. Frost yfirleitt 3 til 15 stig. **SJÁ SIÐU 46**

Höfnuðu hækku barnabóta

ALÞINGI Stjórnarandstaðan lagði til við umræður um fjárlagafrumvarpið í gær að barnabætur yrðu greiddar óskertar til einstaklinga undir lágmarkslaunum. Ríkisstjórnarflokkarnir felldu þá tillögu en nú skerðast barnabætur hjá einstaklingum sem hafa yfir 242 þúsund krónur í laun á mánuði.

Stjórnarandstöðuþingmenn sögðu tillöguna höfstillta og að fólk undir lágmarkslaunum ætti að fá óskertar bætur.



Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, reyndi að slá á áhyggjur stjórnarandstöðunnar og sagði barnabætur hækka um tíund árið 2018. „Það hafa orðið talsvert miklar launahækkunar á undanförunum árum og það á líka við um árið 2017. Það hefur leitt til þess að þær fjárhæðir sem við áætluðum að myndu ganga út í barnabætur á árinu 2017 hafa ekki allar gengið út,“ sagði Bjarni.

„Enn á ný eiga fátækustu barnafjölskyldur þessa lands að bera byrðarnar, bera ábyrgð á hinum efnahagslega stöðugleika. Það er alveg augljóst að Vinstri græn voru ekki kosin á þing til að segja nei við hækku barnabóta,“ sagði Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar.

Athygli vakti við atkvæðagreiðslu um þessa breytingatillögu að Rósa Björk Brynjólfssdóttir, þingmaður VG, var fjarverandi þrátt fyrir að hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslum um hinar breytingatillögur stjórnarandstöðunnar og um frumvarpið í heild. – sa

Áramótabrennan undirbúin



„Hann er hálfkláraður,“ segir Zilvinas Balkevicius. Hann var í gær að smíða skúlptúr sem verður á brennu í Kópavogsdal á gamlárskvöld. Hann ætlar að klára smíðina í dag. Zilvinas segir að það sé hefð í Litháen að brenna skúlptúra á lengsta degi ársins. Hann segist hafa fengið góðan stuðning frá vini sínum Jóni Magnúsi, sem hann vildi koma þakklæti til. Á innfelldu myndinni er teikning sem er fyrirmynd að verkinu. **FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM**

Auknar álögur

NEYTENDUR Opinberar álögur á bensínliþrann hækka um 4,15 krónur um áramótin. Ástæðan er hækku bensingjalds, sérstaks bensingjalds og kolefnisgjalds.

Af sömu ástæðu hækka opinberar álögur á díseilsneyti samtals um 4,35 krónur. Þetta þýðir að það verður 200 krónur dýrara að fylla á meðalstóran tank fólksbíls. – jhh

Blaðakassar fjarlægðir

FJÖLMIÐLAR Líkt og undanfarin ár verða dreifikassar Fréttablaðsins á Vesturlandi, Suðurnesjum og Suðurlandi teknir niður yfir áramótin. Þeir verða settir aftur upp 5. janúar.

Í millitíðinni verða fleiri eintök af Fréttablaðinu á bensínstöðvum og á öðrum stöðum þar sem hægt er að nálgast blaðið. – khn

Flugeldalaus áramót fanganna á Hrauninu

Gamlárskvöld er eitt einmanalegasta kvöld ársins fyrir margan fangann. Þeir sakna ekki aðeins vina og ættingja heldur einnig flugeldanna sem vart sjást á himninum yfir Litla-Hrauni og Hólmsheiði. Á Kviabryggju mega þeir sprengja.

ÁRAMÓT Gleði, glaumur, flugeldar og freyðandi gullin vin einkenna góðra vina fundi á gamlárskvöld. Kvöldið er því eðli málsins samkvæmt eitt það einmanalegasta á árinu hjá fongum sem eyða því fjarrí sinum nánustu og heimsins glaumi.

„Að mínu mati er miðnætti á gamlárskvöld, þegar allir eru að skjóta upp flugeldum, erfiðasta stundin hjá þeim sem eru í fangelsi,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga á Íslandi.

„Jólin eru vissulega mörgum erfið út af börnunum þeirra en á gamlárskvöld eru allir saman að skemmta sér.“ Þá bitur einsemdin en Guðmundur Ingi segir fangana og starfsfólk fangelsanna þó reyna að gera kvöldið eins ánægjulegt og mögulegt er.

„Þetta er misjafnt eftir fangelsum. Á sumum stöðum er mönnum leyft að vera lengur frammi og vera í síma- og tölvusambandi lengur en venjulega. Þetta fer samt allt eftir ástandinu í húsum hverju sinni.“

Bragurinn er þó hátíðlegur. „Starfsfólkid er í hátíðarjúniformi og fangarnir uppáklæddir. Fangarnir sjá að mestu um matinn sjálfir og við reynum að hafa hann góðan. Menn vaka aðeins lengur og sumir reykja jafnvel vindla úti.“

Þegar landinn fagnar nýju ári og lýsir upp himininn með flugeldum sitja sumir fangar í þögn og myrkri þar sem flugeldarnir sjást misvel eða alls ekki frá sumum fangelsum. Þeir sem dvelja á Litla-Hrauni geta til dæmis ekki notið flugeldanna nema í sjónvarpi. „Það er ekki beint miklu skotið upp á Eyrarbakka. Ein og ein íla kannski.“



Rólegheitin ráða ríkjum á Litla-Hrauni á einu fjörugasta kvöldi ársins og vart sést flugeldur á himninum yfir fangelsinu. **FRÉTTABLAÐIÐ/GVA**

Að mínu mati er miðnætti á gamlárskvöld, þegar allir eru að skjóta upp flugeldum, erfiðasta stundin hjá þeim sem eru í fangelsi.

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu



Um nokkurt árabíl gerði hópur manna sér ferð að Hrauninu og bauð fongunum upp á flugeldasýningu sem lyfti stemningunni innan veggja fangelsisins. „Það var ofboðslega gaman. Þetta var góður hópur með rosalega mikið magn af flugeldum sem kom og gerði sýningu.“

Þarna voru Sverrir Guðmundsson, Geiri á Goldfinger, Rúnar Maitland og meira að segja Jón stóri.“

Guðmundur Ingi segir þetta því miður hafa lagst af enda hafi sumir úr hópnum safnast til fedra sinna. „Í fyrria reyndum við að fá björgunarsveitir og einhverja til þess að gefa okkur flugelda en það gekk mjög illa og rann út í sandinn.“

Guðmundur Ingi gerir ekki ráð fyrir að neinir flugeldar sjást á himninum yfir niðurgrafinni Hólmsheiði og segir að á Sogni sé nánast bannað að skjóta upp flugeldum vegna dýranna í sveitinni. „Á Kviabryggju mega fangarnir verða sér úti um flugelda. Þar er kveiktur varðeldur og flugeldum skotið upp undir öruggu eftirliti þeirra sem þar stjórna. Þetta hefur gengið vel og er falleg stund.“ **thorhinn@frettabladid.is**

Snorri er falleg terta þar sem marglitar kúlur með hala skjótast upp og springa í stór blóm sem að glitra eins og glimmer á himninum. Mjög falleg kaka.

SNORRI STURLUSON

80 skot
50 SEK
3
5
7 kg

Þú færð Snorra á næsta flugeldamarkaði björgunarsveitanna

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

Gleðilegt nýtt ár

JÓNSSON & LEWACKS · JÚLÍ · SÍA

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000




TÖLUR VIKUNNAR 24.12.2017 TIL 30.12.2017



23

prósenta aukning varð á samanlögðum hagnaði 500 ríkustu einstaklinga heims á árinu.



570

manns biða afplánunar óskil-orðsbundinna dóma, þrátt fyrir að nýtt fangelsi hafi verið tekið í notkun og úrræði utan fangelsa verið rýmkuð.



36

prósenta aukning hefur orðið á raunvirði launa frá 2010.



44

milljarðar var hækkun tekna ríkisins á átta árum af tekjuskatti sem lagður er á hagnað fyrirtækja. Nemur hækkunin 120,5 prósentum frá 2009.



535

milljarðar króna verða gjaldyristekjur ferðapjónustunnar á þessu ári, að því er samtök atvinnugreinarinnar áætla.

29

falt yfir heiluverndarmörkum mældist svifryksmengun á Grensásvegi á fyrstu klukkustundum ársins 2017.



7 milljóna króna tímabundið framlag til Ólafs Ragnars Grimssonar, fyrrverandi forseta Íslands, var tillaga meirihluta fjárlaganefndar í nefndaráliti um frumvarp til fjárlaga. Peningarnir eru ætlaðir til ýmissa verkefna sem enn eru á borði Ólafs eftir að hann lét af embætti árið 2016.

Þrjú í fréttum Golf, húsaleiga og pítsur

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir kylfingur

hlaut nafnbótina íþróttamaður ársins í kjöri Samtaka íþróttafréttamanna. Ólafía varð þar með fyrst kylfinga og sjötta konan til að hljóta titilinn. Á árinu vann hún sér þátttökurétt á LPGA-mótaröðinni fyrst íslenskra kylfinga. Ólafía keppti á þremur risamótum á árinu. Hún náði best fjórða sæti á árinu á móti í Bandaríkjunum.



Agnes M. Sigurðardóttir biskup

sagði sér skylt að búa í embættisbústað biskups sem er 487 fermetra hús í Bergstaðastræti. Húsaleigan sem hún greiddi væri tæplega 90 þúsund krónur. Um væri að ræða biskupssetur, biskupsгарó. Það þýddi að setrið væri jafnframt móttökustaður fyrir móttökur biskups. Agnes sagðist stundum segja að hún deildi eldhúsi með veisluþjónustu.



Birgir Þór Bieltvedt fjárfestir

er viðskiptamaður ársins að mati dómnefndar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Hann og aðrir fjárfestar seldu á árinu rekstur Domino's á Íslandi til erlends aðila og nam söluverðið 8,4 milljörðum króna. Fjárfestarnir keyptu Domino's á Íslandi af Landsbankanum fyrir um 560 milljónir króna á haustmánuðum 2011.



Heitt vatn í Reykjavík kostar nú 27% meira en vatn í Mosfellsbæ

Gamall samningur gerir Hitaveitu Mosfellsbæjar kleift að selja íbúum heitt vatn frá Veitum á 21 prósent lægra verði en vatnið er selt á til Reykvíkinga eftir að 5 prósentu verðlækkun tekur gildi um áramótin. Upplýsingafulltrúi Veitna segir mismuninn fyrsta og fremst byggjast á miklum fjárfestingarkostnaði hjá Veitum.

ORKUMÁL „Það er að fjölga íbúum í bænum og verið að selja meira heitt vatn. Afkoma hitaveitunnar var með þeim hætti að það er svigrúm til lækkunar núna um áramótin,“ segir Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, þar sem verð á heitu vatni lækkar um 5 prósent 1. janúar.

Eftir breytinguna verður verð á útseldum rúmmetra af heitu vatni frá Hitaveitu Mosfellsbæjar 112,88 krónur. Samkvæmt gildandi gjaldskrá Veitna, dótturfyrirtækis Orkuveitu Reykjavíkur, kostar heitt vatn 143,09 krónur. Heita vatnið er þannig 21,1 prósentu ódýrara í Mosfellsbæ, eða með öðrum orðum 26,8 prósentum dýrara hjá Veitum.

Sveitarfélög þar sem heitt vatn býðst á ádurnefndu verði frá Veitum í þéttbýli eru, auk Reykjavíkur, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Akranes, Borgarbyggð, Stykkishólmur, Hveragerði, Þorlákshöfn, Hvolsvöllur og Hella.

Haraldur segir tilgang opinberra veitna ekki þann að skila einhverjum gríðarlegum afgangi. „Þetta er náttúrulega bara samfélagsleg þjónusta sem snýst um að dreifa heitu vatni til íbúanna á því verði sem hægt er með okkar rekstri,“ segir bæjarstjórinn.

Mosfellsbær kaupir heitt vatn í heildsölu af Veitum samkvæmt gömlum samningi. „Þarna eru samningar að baki sem taka tillit til stöðunnar og eru væntanlega nokkuð hagstæðir fyrir þá,“ segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Veitna, aðspurð um



Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar. Um 40 prósent af heitu vatni Veitna koma frá Mosfellsbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Peir eru í annarri stöðu en við; eru náttúrulega með hitaveituna í bakgarðinum og þurfa að flytja vatnið mun styttra.

Ólöf Snæhólm Baldursdóttir upplýsingafulltrúi Veitna



hinn mikla verðmun. Málið snúist þó væntanlega fyrst og fremst um mismun á rekstri fyrirtækjanna tveggja þótt hún þekki ekki rekstur Hitaveitu Mosfellsbæjar og tjái sig ekki um hann.

„Peir eru í annarri stöðu en við, eru náttúrulega með hitaveituna í bakgarðinum og þurfa að flytja vatnið mun styttra,“ bendir Ólöf á. „Peir eru líka með rötgróið kerfi og hafa ekki í langan tíma þurft að

fjárfesta í því að sækja meira vatn á meðan við höfum þurft að fara í verulegar fjárfestingar.“ Þessar fjárfestingar felist til dæmis að hluta í Nesjavallavirkjun og Hellisheiðarvirkjun og í endurnýjun Reykjaæða ofan úr Mosfellsbæ. „Þetta hafa verið dýr og stór verkefni sem enn er verið að greiða niður.“

Breytingar á gjaldskrá Veitna verða kynntar eftir áramót. gar@frettabladid.is

Hörð gagnrýni á störf hæfnisnefndar

STJÓRNSÝSLA Guðlaugur Þór Þórðarson, settur dómsmálaráðherra við skipan átta héraðsdómara, gagnrýnir störf dómnefndar sem mat hæfni umsækjenda. Gagnrýnin kemur fram í bréfi sem hann sendi nefndinni í gær. Umsækjendur um embættin voru 41, en dómnefndin telur átta þeirra hæfasta í starfið.

Guðlaugur Þór segir ýmsar spurningar hafa vaknað um það hvernig mati og málsmeðferð nefndarinnar var háttáð. Hann sendi starfsmanni dómnefndarinnar áður bréf hinn 27. desember þar sem spurt var nánar út í matið. Hann telur þær skýringar sem hann hefur fengið eftir þá bréfasendingu vera óljósar og gefa litlar sem engar upplýsingar um það hvernig mati nefndarinnar var háttáð.

„Lestur umsagnarinnar einn og sér hefur ekki dugað settum ráðherra, enda er erfitt fyrir hann að kanna réttmæti hennar þar sem hann hefur ekki upplýsingar um

Lestur umsagnarinnar einn og sér hefur ekki dugað settum ráðherra, enda er erfitt fyrir hann að kanna réttmæti hennar.

Guðlaugur Þór Þórðarson, settur dómsmálaráðherra



umsækjanda ráðað efst sem hefur átta ára reynslu sem settur dómari en umsækjandi sem hefur 20 ára reynslu sem skipaður dómari sé settur skör lægra.

Guðlaugur Þór segist ekki ætla að óska eftir nýrri umsögn nefndarinnar, heldur fer hann þess á leit við nefndina að hún útskýri betur með hvaða hætti matið var framkvæmt og hvers vegna umræddir átta umsækjendur voru, á grundvelli heildarmats, taldir hæfari en aðrir umsækjendur. Þá er jafnframt óskað skýringa á því hvers vegna fleiri komu ekki til álita að mati nefndarinnar en þeir átta sem lagðir voru til.

Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra taldi sig vanhæfa til að skipa í embættin vegna þess að einn umsækjandi er Ástráður Haraldsson. Hann stefndi ríkinu vegna málsmeðferðar dómsmálaráðherra við skipan dómara í Landsrétt og fékk dæmdar bætur. – jhh

Ein með öllu. Gríðarlega fjölbreytt, samsett kaka sem skýtur upp beint og í blævang. Eftir mikla litardýrd með glitrandi ljósum þá endar hún á silfurlituðum stjörnuhlómum með grænum og rauðum kúlum í sannkallaðri stórskotahrið með braki og brestum.

240 skot
195 SEK
5
5
24 kg

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

Þú færð Vig Tuma á næsta flugeldamarkaði björgunarsveitanna

Hátíðarkveðja

Gömul þjóðtrú hermir að á nýársnótt
fái kýrnar mál og tali saman þar til dagur rennur.
Ekki er samt ráðlegt að reyna að liggja á hleri,
enda verðskuldar íslenska mjólkurkýrin
alla okkar virðingu.

Fyrir þeirra hönd óskar Mjólkursamsalan
og eigendur hennar, íslenskir kúabændur,
landsmönnum öllum gleðilegs árs og þakkar fyrir
samskiptin á árinu sem er að líða.



🌿 Emma Dís Örvarsdóttir
í heimsókn hjá ömmu og afa
á Reykjum á Skeiðum, með
nýborna kálfinn Soffíu.



Skilaboð frá stjórn mála- flokkum andstæð lögum

STJÓRN MÁL SMS-skilaboð til kjósenda frá Flokki fólksins og Miðflokknum í aðdraganda síðustu kosninga voru óheimil samkvæmt niðurstöðum Póst- og fjarskiptastofnunar sem birtar voru í gær. Í kjölfar tuga kvartana sem stofnuninni bárust um téðar sendingar var eftirgrenslan hafin sem leiddi í ljós að flokkarnir fengu fyrirtækið 1819 – Nýr valkostur ehf. til að senda skilaboð til tuga þúsunda farsímanotenda í aðdraganda kosninga.

Í niðurstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar kemur fram að um markaðssetningu í skilningi 46. greinar fjarskiptalaga sé að ræða. Slík markaðssetning er óheimil nema sérstaks samþykki sé aflað fyrirfram hjá viðtakanda um sendingu skilaboða sem innihalda beina markaðssetningu. Ekki dugur sem samþykki að viðkomandi hafi skráð númer sitt í símaskrá án bannmerkingar.



Inga Sæland.



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Í ákvörðuninni kemur einnig fram að sá aðili sem verið er að markaðssetja fyrir, í þessu tilfalli stjórn mála flokkarnir, beri ábyrgð á að framkvæmdin sé í samræmi við lög. Að láta annan aðila annast sendingarnar fyrir slíkan aðila ekki ábyrgð. – aá

Dæmi um SMS sem send voru á kjördag

■ „Skrýtt framtíðarsyn fyrir Ísland og kraftur og thor til að koma henni í framkvæmd. X-M. Vid stöndum við stóru ordin. Midflokkurinn.“

■ „Í dag er fagur dagur, Ja godur við finnum það. Vertu Memm settu X við M“

■ „Ertu með kosningarett? – Nyttu rettinn! Afnemum fritekjumark og hækku skattleysismork. Kaer kvedja! Flokkur fólksins X-F.“

457 útköll vegna ofbeldis

SAMFÉLAG Fjölgun var á útköllum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu vegna heimilisofbeldis síðustu 13 mánuðina. Í Reykjavík voru 457 útköll síðustu 12 mánuði ársins, þ.e. frá desember 2016 til og með nóvember 2017. Árið 2016 voru 404 útköll. Þetta kemur fram í skýrslu Saman gegn ofbeldi sem er samstarfsverkefni velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Í flestum tilvikum voru gerendur maki eða fyrrverandi maki. Þá var tilkynnt um 23 atvik þar sem for-

eldri braut á barni og 26 tilvik þar sem barn braut á foreldri. Í flestum tilfellum var um að ræða andlegt eða líkamlegt ofbeldi.

Flestir brotaþolar og gerendur voru með íslenskt ríkisfang, en tæplega 30 prósent karlgerenda voru með erlent ríkisfang og 30 prósent kvenna sem voru þolendur voru með erlent ríkisfang.

Börn voru á vettvangi í 68% útkalla það sem af er árinu 2017 og voru með lögheimili á 71 prósent í þeirra heimila sem farið var á útkalli. – la

Kæri viðskiptavinur,

Fréttablaðið, Markaðurinn og Glamour færirst undir dótturfélag í eigu 365 miðla **Torg ehf.**

Frá og með **1. desember** verður rekstur Fréttablaðsins, Markaðarins og Glamour rekinn í gegnum rekstrarfélagið Torg ehf. kt. 610808-1230 sem er 100% í eigu 365 ehf. kt. 480702-2390.

Torg ehf. mun yfirtaka skuldbindingar og rekstur Fréttablaðsins og Glamour.

Reikningar vegna auglýsinga, áskrifta eða annarrar þjónustu í Fréttablaðinu, Markaðnum og Glamour munu framvegis verða sendir út á kennitölu Torg ehf. 610808-1230.

Ef þið hafið frekari spurningar eða athugasemdir er ykkur velkomið að hafa samband við innheimta@frettabladid.is

MARKAÐURINN GLAMOUR

FRÉTTABLAÐIÐ



Farþegum Strætó hefur fjölgað mikið, bæði Íslendingum og ekki síður ferðamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Strætó undanskilinn bílastæðagjaldi Isavia

Sífelld fjölgun er á meðal ferðamanna sem nýta sér almenningssamgöngur á Íslandi, bæði á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Strætó mun ekki koma til með að borga bílastæðagjald á Leifstöð og fær betri merkingar utan flugstöðvar.

SAMGÖNGUR Isavia ætlar að uppfæra merkingakerfi fyrir utan flugstöðina í Keflavík á nýju ári svo farþegar eigi auðveldara með að finna þann samgöngumáta sem þeir hyggjast nýta sér. Þetta segir Guðjón Helgason, upplýsingafultrúi Isavia, við Fréttablaðið.

Fréttablaðið greindi frá því í október að Strætó hefði gengið erfiðlega að fá Isavia til að setja upp merkingar fyrir komufarþega í Leifstöð um möguleika til þess að nýta sér almenningssamgöngur til Reykjavíkur.

Hingað til hefur Strætó því nýtt sér aðrar leiðir til að ná til ferðamanna. „Við höfum reynt að nálgast erlenda ferðamenn með því að gera okkur sýnilegri á leitarvélum. Við höfum til dæmis sett vefinn okkar í gegnum leitarvélabestun og auglýst í gegnum Google Analytics. Markhópurinn í þeirri herferð voru erlendir ferðamenn á Íslandi eða ferðamenn á leið til Íslands. Bæklingi með leiðakorti Strætó var komið fyrir á mörgum hótélum og í flestum þjónustumiðstöðvum fyrir ferðamenn. Í þessum mánuði innleiddum við einnig Strætó á landsbyggðinni inn í appið okkar. Stór hluti ferðamanna er að ferðast um landsbyggðina. Sú viðbót mun eflaust koma sér vel næsta sumar,“ segir Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó.

●● **Við höfum reynt að nálgast erlenda ferðamenn með því að gera okkur sýnilegri á leitarvélum.**

Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó BS



●● **Þar sem strætisvagnar teljast til almenningssamgangna og hafa sérstöðu gagnvart lögum mun Strætó verða færður á nýja stoppi-stöð.**

Guðjón Helgason, upplýsingafultrúi Isavia



Ákveðið hefur verið að Strætó muni ekki greiða gjald fyrir að stansa við Leifstöð, líkt og hópferðabílum er gert að gera. „Þar sem strætisvagnar teljast til almenningssamgangna og hafa sérstöðu gagnvart lögum mun Strætó verða færður á nýja stoppi-

stöð utan ytri hópferðastæða og mun því ekki greiða fyrirhugað gjald. Staðsetning þessarar stoppi-stöðvar mun liggja fyrir í janúar. Leiðinni að stoppi-stöðinni verða gerð góð skil í uppfærðu merkingakerfi. Því ættu farþegar sem hyggjast nýta sér þjónustu Strætó ekki að vera í vandræðum með að finna stoppi-stöðina,“ segir Guðjón.

Frá árinu 2006 hefur farþegafjöldi Strætó nærri tvöfaldast. Í mælingum í október árið 2006 voru taldir rúmlega 700 þúsund farþegar og hefur aukning síðan þá verið um 100 þúsund á ári. Í ár tók Strætó í notkun nýtt talmengingakerfi sem gerir þeim kleift að fá nákvæmari niðurstöður en áður. Í mars voru taldar 1,2 milljónir farþega og í október í ár voru farþegarnir 1,1 milljón.

Að sama skapi gerir appið, sem tekið var í notkun 2012, Strætó kleift að greina betur hvaðan farþegarnir koma. Í appinu má sjá að átta prósent af færslum það sem af er ársins 2017 eru erlend greiðslukort. Það er talsverð aukning frá árinu áður, þar sem hlutfall erlendra greiðslukorta var 4,8 prósent. Ferðamáti erlendra ferðamanna er kannadur ár hvert í könnun Ferðamálastofu og þar kemur fram í nýjustu könnuninni frá árinu 2016 að 33,8 prósent ferðamanna nota strætisvagna á ferðalögum sínum á Íslandi. lovisaa@frettabladid.is

Skemmtun sem sprengir alla skala

UMHVERFISMÁL „Þessi mengun er af stærðargráðu sem maður vill almennt ekki sjá í borgarumhverfi. Yfirleitt sjáum við ekki svona magn nema við mjög sérstakar aðstæður,“ segir Hrunn Ólöf Andradóttir, prófessor í umhverfis- og byggingarverkfæði. Hrunn skrifaði í gær svar á Vísindavef Háskóla Íslands, ásamt Presti Þorsteinssyni, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði, um mengun vegna flugelda um áramótin.

Það sem skiptir miklu máli þegar svo mikið svifryk safnast saman, eru veðurskilyrðin. „Ímyndaðu þér að þú sért með lokað box og þú ert að búa til mengun inni í boxinu. Á móti því að vera inni í boxi, þar sem er mikil og góð lofttræsting. Það er vandamálið. Þegar það eru hagstæð

●● **Þegar það eru hagstæð skilyrði til að skjóta og njóta þess að vera úti, þá eru rosalega óhagstæð skilyrði varðandi umhverfisgæðin okkar.**

Hrunn Ólöf Andradóttir, prófessor í umhverfis- og byggingarverkfæði í Háskóla Íslands



skilyrði til að skjóta og njóta þess að vera úti, þá eru rosalega óhagstæð skilyrði varðandi umhverfisgæðin okkar. Það eru tvær hliðar á mál-

inu sem eru algerlega á öndverðum meiddi,“ segir Hrunn Ólöf.

Að jafnaði varir mengun af völdum flugelda aðeins í skamma stund, en þessi mengun bætist hins vegar ofan á inntöku annarrar mengunar í borgarumhverfinu. „Það sem skiptir mestu máli er að mælingarnar sýna að svifryk mælist mjög hátt á þessu kvöldi, sérstaklega miðað við íbúðahverfi. Við erum með svifryksvandamál í borgarumhverfinu okkar. Það er algerlega vítað og er ekki séríslenskt vandamál. Það eru allir að reyna að minnka svifryk. En hér er svo iðja, sem býr til mikla mengun. Við værum eflaust ekki að tala um þetta, ef það væri ekkert svifryksvandamál fyrir. Ef þetta væri bara þetta staka kvöld. En við erum með stærri vandamál, sem við erum að bæta við.“ – la

Áramóta bomba



25% afsláttur

af öllum snyrtivörum

27. desember - 1. janúar.

Meira úrval í Smáralind og Kringlu.



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

Brennur á gamlársgang

Suðurnes

Grindavíkurbær Bót við Grindavík 20.30

Sveitarfélagið Garður Malarvöllur Viðis við Sandgerðisveg í Garði 20.30

Sveitarfélagið Vogar Norðan íþróttavallar, Grænborgarsvæði, Vogar 20.00

Sandgerðisbær Við Svávarbraut við enda Eyrargötu í Sandgerði 20.00

Suðurland

Vestmannaeyjar 17.00

Selfoss 16.30

Porlákshöfn 17.00

Flúðir 20.30

Austurland

Egilsstaðir 16.30

Reyðarfjörður 16.45

Neskaupstaður 17.00

Seyðisfjörður 20.30

Norðurland

Mývatn 21.00

Húsavík 16.45

Akureyri 20.30

Siglufjörður 20.30

Vestfirðir

Patreksfjörður 20.30

Bolungarvík 20.30

Hólmavík 18.00


Ísafjörður 20.30

Vesturland

Stykkishólmur 20.30

Akranes 20.30

Hvanneyri 20.30



Sautján brennur á höfuðborgarsvæðinu

Kveikt verður í fyrstu brennunni klukkan þrjú á gamlársgang. Veðurstofan gerir ráð fyrir ágætu veðri fyrir brennur og skotelda. Hvassast verður á Vestfjörðum. Gera má ráð fyrir dálitlu éli norðan- og austanlands, en bjart sunnan heiða. Frost verður á bilinu 2 til 12 stig.

Slysa- og brádamóttaka Landspítala í Fossvogi

Opið allan sólarhringinn alla daga. Aðalsímanúmer Landspítala: 543-1000

Beint innval á slysaedeild í Fossvogi: 543-2000. Sinnir neyðartilvikum.



Læknavakt heilsugæslunnar

Gamlársdagur 9-18 og 21-23

Nýársdagur 9-23.30

Vitjanasími 1770

Gamlársdagur 08-23.30

Nýársdagur 08-23.30

Símaráðgjafapjónusta 1770

Opið allan sólarhringinn alla daga

Neyðarlínan

Neyðarsíminn 112 er opinn allan sólarhringinn yfir hátíðarnar og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrahúsfreiðar og lögreglu um allt land.

Rauði krossinn

1717 er hjálparsími Rauða krossins og verður opinn allan sólarhringinn.

Stigamót

Lokað yfir hátíðarnar.

Kvennaathvarfið

Opið allan sólarhringinn, alla daga. Sími: 561-1205.

SÁÁ göngudeild

Lokað á gamlársgang og nýársdag. Bent er á slysa- og brádamóttöku Landspítala komi upp alvarleg tilfelli.

Tannlæknar

Gamlársdagur opið 8.30-11.30 hjá Kolbeini Viðari Jónssyni.

Nýársdagur opið 13-15 hjá Önnu Sigríði Stefánsdóttur.

Dýralæknigamiðstöðin Grafarholti

Lokað á gamlársgang og nýársdag.

Bakvakt dýralækna, eingöngu fyrir alvarlega veik eða slösuð dýr, er í síma 530-4888. Útkallið kostar um 30 þúsund krónur. Neyðarnúmer dýralækna 860-2211.

Apótek

Lyfja

Gamlársdagur

Opið 9-12 Laugavegi

Opið 10-12 Höfn, Húsavík,



Neskaupstað, Reykjanesbæ, Reyðarfirði, Selfossi

Opið 10-13 Smáralind

Opið 8-18 Lág múla, Smáratorgi

Nýársdagur

Opið 9-24 Smáratorgi

Opið 10-24 Lág múla

Árbæjarapótek

Lokað gamlársgang og nýársdag

Lyf og heilsa

Gamlársdagur

Opið 10-12 Glerártorgi

Opið 10-13 JL-húsinu og Kringlunni

Opið 10-16 Austurvei

Nýársdagur

Lokað

Lyfjaver

Lokað gamlársgang og nýársdag

Samgöngur

Flestar leiðir á höfuðborgarsvæðinu ganga til um 15 á gamlársgang. Skertur akstur á landsbyggðinni. Nánari upplýsingar á heimasíðu Strætó.

Akstur samkvæmt sunnudagsáætlun

á nýársdag á höfuðborgarsvæðinu en enginn akstur á landsbyggðinni.

Sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu

Gamlársdagur

Opið 8-12 Álftaneslaug, Lágafells- laug, Kópavogslaug, Versöllum

Opið 8-12:30 í Seltjarnarneslaug.

Opið 8-13 í Ásvallalaug, Laugardals- laug og Sundhöll Reykjavíkur.

Opið 9-13 í Árbæjarlaug, Breiðholts- laug, Grafarvogslaug og Vesturbæjar- laug.

Opið 10-13 í Klébergslaug.

Nýársdagur

Opið 10-18 í Sundlaug Kópavogs.

Opið 12-18 í Laugardalslaug og Vesturbæjarlaug.

Opið 11-15 í Nauthólsvík.

Aðrir laugar lokaðar.

Stórmarkaðir

Bónus

Opið 10-15 í öllum verslunum á gamlársgang.

Lokað nýársdag.



Hagkaup

Gamlársdagur

Opið til 18 Skeifunni og Garðabæ

Opið 8-18 Akureyri, Spöng og Eiðistorgi.

Opið 10-14 Smáralind og Kringlunni

Opið 12-15 Njarðvík, Borgarnesi og Selfossi

Nýársdagur

Opnað 12 Skeifunni og Garðabæ

Opið 12-24 Akureyri, Spönginni og Eiðistorgi

Lokað annars staðar.

Nettó

Gamlársdagur

Opið til 15 Granda og í Mjódd.

Opið 10-15 í öðrum verslunum

Nettó á landinu.

Lokað á nýársdag.

Krónan

Opið 9-16 í öllum verslunum á gamlársgang.

Lokað á nýársdag.



- Lífið heil


Fyrir þig í Lyfju

15% afsláttur af öllu lyfjatyggigúmmí, öllum styrkleikum og pakkingarstærðum.

Gildir út janúar 2018

Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tobaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.





Í sambandi – allar hátíðarnar

Við hjá Veitum vitum hversu mikilvægt það er að hafa hreint, hlýtt og bjart um hátíðarnar. Þess vegna erum við í viðbragðsstöðu svo þig skorti ekki vatn, hita eða rafmagn um jól og áramót.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Símanúmer þjónustuvaktar er 516 6000 en einnig er hægt að senda fyrirspurnir á veitur.is



Fólk ársins



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Þegar því er velt upp hvað stóð upp úr á árinu sem er að líða kemur ýmislegt til greina. Ísland komst á Heimsmeistaramótið í knattspyrnu í fyrsta skipti, við tók ný ríkisstjórn undir forystu ungrar og öflugrar konu, ferðamenn héldu áfram að sækja landið heim í milljónavis og skutu styrkari stöðum undir blómlegt efnahagslífið.

Verslunin í landinu tók stakkaskiptum. Útlendir risar eins og Costco gerbreyta örmarkaði eins og Ísland er. Um leið hafa æ fleiri náð tökum á að gera innkaup á netinu og fá varninginn sendan heim. Stóraukið álag á pósthjónustuna ber vott um breyttar neysluvenjur. Ísland er ekki lengur verslunareyland og neytendur beina viðskiptum sínum einfaldlega þangað sem bestu kjörin bjóðast. Neytendur verða því að teljast meðal sigurvegara ársins.

Viðskiptalífið hefur ekki farið varhluta af þessum breytingum og viðbrögð rötgróinna verslunnarrisa bera vott um það. Hagar hyggjast kaupa Olís, og N1 og Festi, sem rekur meðal annars Krónuna, munu sameinast. Þá hefur Baskó, sem á 10-11 og Iceland búðirnar, tilkynnt um kaup á Eldum rétt. Allt eru þetta viðbrögð við æ harðari samkeppni um kúnnann.

Það er ekki bara í verslunargeiranum sem verið er að bregðast við breyttri heimsmynd. Kaup Vodafone á fjarskipta- og sjónvarpsrekstri 365 eru til marks um það og í samræmi við samþættingu sem er að eiga sér stað annars staðar í heiminum.

Árið var sömuleiðis eftirminnilegt á lista- og vísindasviðinu. Ragnar Kjartansson og Víkingur Heiðar Ólafsson vöktu athygli á heimsvísu og Kári Stefáns-son hlaut eftirsótt verðlaun frá American Society of Human Genetics.

Einna markverðust var þó sú bylting sem átti sér stað undir merkjum #metoo. Konur, og önnur fórnarlömb kynferðisáreitni risu upp á árinu. Slík mál skulu ekki liggja í þagnargildi stundinni lengur. Þessi bylting hófst erlendis og féldi stór nöfn á borð við Harvey Weinstein og Kevin Spacey.

Fljótlega rak byltinguna hingað til lands eins og væringar í leikhúsum landsins og víðar bera vott um. Ísland hefur lengi verið í fararbroddi í jafnréttismálum. Við áttum fyrsta þjóðkjörna kvenforsetann, fyrsta opinberlega samkynhneigða forsætisráðherrann sem jafnframt var kona og státtum nú af ungrri, glæsilegri konu á forsætisráðherrastóli.

Því er alger tímaskekkja að enn eimi eftir af þöggun í kringum kynferðisofbeldi. Þær konur, og karlar þótt færri séu, sem hafa rutt brautina og dregið þessi mál fram í dagsljósið hljóta því að gera sterkt tilkall til að teljast fólk ársins.

En líklega eru það innflytjendur, útlent fólk sem sest hefur að á Íslandi um lengri eða skemmri tíma, sem marka dýpstu sporin. Við getum þakkað þeim að hjól samfélagsins á þessum uppgangstímum snúast líðlega, ekki síst á sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum. Þar eru heilu vaktirnar mannaðar vinnufúsu fólki frá öllum heimsálfum.

Gleðilegt ár.



Þær konur, og karlar þótt færri séu, sem hafa rutt brautina og dregið þessi mál fram í dagsljósið hljóta því að gera sterkt tilkall til að teljast fólk ársins

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Við erum sakborningar

Einu sinni þótti í lagi að halda þræla. Einu sinni máttu konur ekki kjósa. Einu sinni var samkynhneigð dauðasök. Einu sinni var fólk brennt á báli fyrir galdra.

Hinn alvitri samtími lítur í baksýnisspegilinn og hlær að glappaskotum tímanna sem komu á undan. Hvað var þetta líð að spá?

En í dómhörku okkar í garð fortíðarinnar birtist sjálfsblekking samtímans. Það er eins og við teljum að við séum hið útvalda fólk; að einmitt á því herrans ári 2017 náðum við hinum móralska hátíndi – „sögulokum“ – og allt sé eins og það eigi að vera.

Svo er þó auðvitað ekki. Framtíðin er handan hornsins, hún er sest í dómarasetið og við erum sakborningarnir. En hvað munu afkomendur okkar eftir hundrað ár, árið 2117, álíta helstu feilspor okkar?

Þrælahald

Þrælahald mun hvergi löglegt í heiminum í dag. Það er þó langt frá því að heyra sögunni til. Talið er að á bilinu 21-49 milljónir manna stundi þrælavinnu. Líklegt er að barnabarnabörnin okkar dæmi okkur hart fyrir flippuðu jólaþeysuna sem við klæddumst í jólapartíunum í desember 2017 og kostaði ekki nema fimmhundruð kall í Primark.

Neysluhyggja

Jörðin. Smápeningur í geimnum, okkar að eyða. Eða það mætti allavega halda það. Við erum þrælar hagfræðikenningar. Okkur hefur verið talin trú um að siaukin neysla sé grundvöllur blómlegs efnahagslífs, hamingju okkar og velfarnaðar. Ef við hættum að neyta er okkur öllum lokid; svona eins og ef við hættum að anda deyjum við. Er í lagi að fyrir lífsstílinn greiðum við með fyrrenfundum smápeningi?

Umhverfisspjöll

Við vitum vel hverjar afleiðingar losunar gróðurhúsalofttegunda, eyðingar skóga, ofveida á fiski og eyðileggingar votlendis eru. Engu að síður gerum við lítið í málinu. Þegar brotaviljinn er einbeittur verður dómurinn þeim mun þyngrri.

Skammsýni

Gáruv gjörða okkar gjálfra við framtíðar strendur. Sem dæmi getur kjarnorkuúrgangur verið geislavirkur í milljónir ára. Árið 2017 njóta aðeins núlifandi kynslóðir réttinda. En hver gæti réttinda komandi kynslóða? Fordæmið er fyrir hendi; við veitum þeim sem ekki eru í aðstöðu til að standa vörð um eigin hagsmuni ákveðin réttindi – svo sem börnum og dýrum. Gæti farið svo að barnabarnabörnin okkar fordæmi okkur fyrir að hafa ekki sýnt þeim ófæddum sömu háttvísi?

Börn og dýr

Og talandi um börn og dýr. Meðferð okkar á dýrum sem alin eru til manneldis mun án efa vekja hrylling með komandi kynslóðum. En það kunna hlutir sem okkur virðast ósköp sakleysislegir einnig að gera. Til að mynda skólagaða barna. Við rifum börn og unglina upp af værum svefni eldsnemma og í trássi við líkamsklukku þeirra svo þau megi sitja innilokuð og grafkyrr allan daginn á meðan þau eru mótuð af meintum fróðleik. Mannúð eða mannvonska?

Áramót

Í vikunni lagði Sævar Helgi Bragason stjórnufræðikennari til að bannað yrði að skjóta upp flugeldum á gamlárskvöld. „Þetta er eitt af því sem fólk mun horfa á með miklum undrunaraugum í framtíðinni,“ sagði Sævar Helgi í samtali við Visir.is. Fúkyrðunum rigndi yfir Sævar Helga í kjölfarið.


Það eru áramót. Allir eru kátir. Það er borðað, drukkið, hlegið, horft á Áramótaskaupið og vonandi hlegið aðeins meira. Þvínaest halda allir út. Í næturkúli, laust fyrir miðnætti, taka landsmenn sig til og sýna fram á einstakan samtakamátt þjóðar er þeir fylla andrúmsloftið af ryki og þungmálum sem fara upp í lofthjúpin og síðan út í umhverfið. Efnin enda í vatninu, í æti lífvera og loks í lífríkinu sem við sjálf nærumst á. Fólk með astma og öndunarfaræsjúkdóma er í hættu. Fólk slasast, húð brennur, augu eyðileggjast. Dýr ærast. Líkur eru á að flugeldarnir hafi verið framleiddir við bágbornar og hættulegar aðstæður. Kannski af þrælum.

Þurfum við að velkjast í vafa um hvaða augum framtíðin mun líta þessa andartaks skemmtun okkar á áramótum?

Þorgeir er mögnuð terta. Allir regnbogans litir lýsa upp himininn með blómum, pálmum og stjörnum. Skotunum er fylgt eftir með glitrandi hala og hvellir, brak og brestir óma um svæðið. Þorgeir er skriðinn undan feldinum í allri sinni dýrð.



FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA



Þú færð Þorgeir á næsta flugeldamarkaði björgunarsveitanna

Bestu óskir um farsæld á nýju ári
og þökkum samskiptin á árinu
sem er að líða

WWW.POSTUR.IS





Landsvirkjun er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk fyrirtækisins er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.

Orka til framtíðar


Jarðvarmastöðin á Þeistareykjum er nýjasta aflstöð Íslendinga. Hún var gangsett 17. nóvember 2017, en áttatíu árum fyrr var elsta aflstöðin, Ljósafossstöð, gangsett. Margt hefur breyst á þessum tíma. Uppbygging raforkukerfisins hefur verið ein af forsendum velmegunar og lífskjara á Íslandi og hér hefur orðið til einstæð þekking á sviði endurnýjanlegrar orku.

Við allan undirbúning og framkvæmdir við Þeistareyki hefur markmiðið verið að reisa hagkvæma og áreiðanlega virkjun sem tekur mið af umhverfi sínu og náttúrunni. Þegar virkjun er reist er mikilvægt að vandað sé til allra verka, bæði til að lágmarka umhverfisáhrif vegna framkvæmdanna en líka til að tryggja að framkvæmdin skili þjóðinni arði til lengri tíma.

Landsvirkjun hefur frá upphafi unnið endurnýjanlega orku. Vitundarvakning um umhverfis- og loftslagsmál á heimsvísu hefur aukið verulega verðmæti slíkrar raforku. Skynsamleg ráðstöfun fjármuna hjá fyrirtækinu hefur einnig gert það að verkum að hægt verður að greiða hærri fjárhæðir í arð til eiganda fyrirtækisins, íslensku þjóðarinnar. Við erum stolt af því.



Við óskum landsmönnum öllum gæfu á nýju ári og þökkum farsælt samstarf á liðnum árum.



FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT

Nýjast

KA-MENN FENGU AÐRA JÓLAGJÖF
Stuðningsmenn KA fengu annan síðbúinn jólapakka í gær þegar greint var því að markvörðurinn Cristian Martínez hefði samið við liðið. Hann kemur frá Víkingi Ó. þar sem hann spilaði í þrjú ár. Fyrr í vikunni gekk Hallgrímur Jónasson í raðir KA. Danski framherjinn André Bjerregaard hefur skrifað undir tveggja ára samning við KR. Hann skoraði fjögur mörk í 10 leikjum með KR á síðasta tímabili. Þá er Arnór Gauti Ragnarson genginn í raðir Breiðabliks á nýjan leik. Hann lék með ÍBV í fyrra og varð bikarmeistari með liðinu.

Um helgina

Laugardagur

14.50 Liverpool - Leicester Sport
14.55 Barnsley - Reading Sport 2
17.00 Laugardagsmörkin Sport
17.20 Man. Utd. - S'oton Sport
14.55 Sunderland - Fulham Sport
03.00 UFC 219 Sport

Sunnudagur

11.50 C. Palace - Man. City Sport
16.20 West Brom - Arsenal Sport
18.00 Vikings - Bears Sport 2

Mánudagur

12.00 Brighton - B'mouth Sport
14.50 Burnley - Liverpool Sport
14.55 Leeds - N. Forest Sport 2
17.20 Everton - Man. Utd. Sport



Aron Pálmarsson er klár í slaginn fyrir EM í Króatíu sem hefst í næsta mánuði. Það verður hans níunda stórmót með íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Staðist allar mínar væntingar og gott betur

Eftir að hafa misst af síðasta stórmóti er Aron Pálmarsson klár í slaginn fyrir EM í Króatíu. Hann er ánægður með að óvissa sumarsins sé að baki og finnur sig vel hjá draumafélaginu. Aron segist vera að nálgast sitt besta form á nýjan leik.

HANDBOLTI Síðustu stórmót hafa verið heldur endaslepp hjá Aroni Pálmarssyni. Hann var ekkert með á HM í Frakklandi í fyrra vegna meiðsla og missti einnig af leikjum á EM 2014 og HM 2015 sökum meiðsla. Ísland komst svo ekki upp úr sínum riðli á EM 2016 í Póllandi. „Ég er ofboðslega spennur fyrir þessu. Mér finnst vera langt síðan ég var á stórmóti þótt það séu bara tvö ár. Það er mikill hugur í mér,“ segir Aron í samtali við Fréttablaðið. Þrátt fyrir að vera ekki nema 27 ára gamall er Aron einn af reynslu- mestu leikmönnum í íslenska hópnunum.

Í öðruvísi hlutverki

„Maður hefur verið í stóru hlutverki í þessu liði í mörg ár. En maður finnur fyrir því að vera ekki yngstur lengur og það er ekki hægt að grinast lengur með það. Þetta er öðruvísi hlutverk en skemmtilegt,“ segir Aron.

Hann kveðst bjart-sýnn fyrir EM í Króatíu sem verður hans níunda stórmót.

„Ég hef miklar væntingar. Við höfum alltaf talað um að við viljum bera okkur saman við stærstu þjóðirnar, vera inni á öllum stórmótum og í topp átta í heiminum eins og við vorum. Við þurfum bara að sýna það,“ segir Aron.

Hafnfirðingurinn er feginn að geta einbeitt sér að því að spila handbolta á nýjan leik eftir erfiða

mánuði þar sem hann spilaði ekkert og beið eftir félagaskiptum til Barcelona.

„Það er æðislegt að vera loksins kominn inn í þessa rútinu og skilja þetta algjörlega eftir,“ segir Aron sem viðurkennir að það hafi tekið hann tíma að finna aftur tilfinninguna fyrir leiknum eftir langa fjarveru.

Er sýndur skilningur

„Ég er í góðu formi og allt það en „touch-id“ vantar. Ég fór líka í nýtt lið og kom inn í það á miðju tímabili. En því er sýndur skilningur og þetta kemur með tímanum. Ég er ekkert búinn að gleyma

því hvernig á að spila handbolta.“

Aron hefur alltaf talað um Barcelona sem sitt draumafélag. En hefur það staðist væntingar hans?

„Já, og gott betur. Þetta er flottasta félag í heimi. Það er allt gert fyrir mann og aðstaðan alveg æðisleg. Ég gæti ekki beðið um það betra sem íþróttamaður,“ segir Aron. Að hans sögn er Barcelona skör herra en Kiel og Veszprém sem hann lék með áður.

Miklu stærra en handboltinn

„Kiel og Veszprém eru frábær handboltafélög en Barcelona er miklu stærra en bara handboltinn. Maður finnur fyrir því.“

Yfirburðir Barcelona á Spáni eru miklir en liðið hefur orðið spænskur meistari sjö ár í röð. Börsungar voru til að mynda búinir að vinna 133 deildarleiki í röð áður en þeir gerðu jafntefli við Guadalajara 6. desember síðastliðinn.

„Það var skandall. Við unnum reyndar sama lið í undanúrslitum í bikarkeppninni með 14 mörkum. Þetta snýst ekki bara um gæði leikmanna. Það þarf líka að vera klár í slaginn,“ segir Aron. „Við erum augljóslega með yfirburðalið þarna og standardinn hefur dalað undanfarin ár. En það eru fin lið þarna á milli.“ ingvithor@365.is



Premier League

Laugardagur 30. desember

	14:50	
Liverpool	#LIVLEI	Leicester
	17:20	
Man. Utd	#MUNSOU	Southampton

Sunnudagur 31. desember

	11:50	
Crystal Palace	#CRYMCI	Man. City
	16:20	
West Brom	#WBAARS	Arsenal

365.is | 1817

KRÓNAN



GLEÐILEG JÓL

Opið til
22
í kvöld

*Opið til 20 á Reyðarfirði
og Vestmannaeyjum

Gamlársdagur

**Opið til
16:00**



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN

#metoo klýfur stjórnálflokk

Við kveðjum árið 2017 í miðri #metoo byltingu. Nú þegar hafa nafntogaðir Íslendingar verið látnir taka pokann sinn vegna þessarar kröftugu byltingar. Þeir verða miklu fleiri sem þurfa loksins að taka ábyrgð á gjörðum sínum og gangast við óeðli sínu.

Þetta verða þekktir Íslendingar í mörgum stéttum og þau mál sem koma hvað mest á óvart og valda mestum usla á árinu 2018 verða úr umönnunargeiranum og stjórnálflokkum. Í síðarnefndu stéttinni kemur ljótt mál upp á yfirborðið sem klýfur rótgróinn stjórnálflokk í herðar niður.

Hneykslismál í fitnessheiminum

#metoo byltingin hertekur fitnessheiminn þar sem hvert málið rekur annað og það mun tengjast áreitni í garð beggja kynja. Í kjölfarið kemst upp um vildtæka misnotkun vaxtarhormóna og örvandi lyfja á meðal keppenda í greininni.

Katrinu fatast flugið

Katrín Jakobsdóttir má hafa sig alla við að halda um stjórnartaumana, byrjunaröruggleikar í ríkisstjórnarsamstarfinu einkennast af togstreitu og margt gengur á bak við tjöldin sem rekur ekki allt á fjörur fjölmiðla.

Sigríður Andersen lendir í vandræðum með erfiðar ákvarðanir sem tengjast dómstólum og vinnulagi þeirra og mun það reyna verulega á hana í embætti dómsmálaráðherra. Háværar raddir verða innan flokksins um að skipta henni út fyrir Birgi Ármannsson sem þykir óumdeildur og farsæll í starfi sem þingmaður og því líklegur til að koma ró á málaflökkinn og sætta deiluaðila.

Kjarasamningar munu reyna til hins ýtrasta á stjórnarsamstarfið, en Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra tekst að halda skútunni á floti og koma í veg fyrir vinnumarkaðsdeilur.

Lilja Alfreðsdóttir mun láta ljósa sitt skína í lok ársins og munu vinsældir hennar hjá þjóðinni aukast verulega á kostnað Katrínar Jakobsdóttur.

Guðlaugur Þór Þórðarson tengist hneykslismáli sem kemur upp á árinu og hann á erfitt með að kjafta sig út úr. Hann söðlar um á árinu og opnar kaffihús sem er opið gæludýrum við Gömlu höfnina í Reykjavík.

Alþingiskórinn slær í gegn

Inga Sæland lætur drauminn rætast og stofnar Alþingiskórinn. Þar verður Sigmundur Davíð Gunnlaugsson fremstur í flokki og mun lagaval og sviðsframkoma velkja eftirtekt, einnig út fyrir landsteinana. Já, Alþingiskórinn fer í kórferðalag sem verður skrásett í bak og fyrir af meðlimum kórsins. Í lok árs verður jafnvel rætt um að búa til heimildarmynd um þennan myndarlega kór.

Titringur vegna prófkjörs

Leiðtogakjör Sjálfstæðismanna í borginni verður haldið í lok janúar. Úrslit verða óvænt, nýtt fólk stendur uppi sem sigurvegarar á meðan aðrir er töldu sig ganga að sæti sínu visu þurfa að endurmeta stöðuna. Sjálfstæðisflokkurinn blæs til sóknar og vinnur góðan sigur í Reykjavík í sveitarstjórnarkosningunum í vor.

Kosningabaráttan verður hatrömm. Flokkurinn hefur glímt við leiðtogavanda í Reykjavík lengi og eru sumir þeirrar skoðunar að endurnýta eigi Sjálfstæðismenn úr öðrum sveitarfélögum og kalla þá til verka í Reykjavík. Nafn Gunnars Einarssonar, bæjarstjóra Garðabæinga, hefur verið nefnt í þessu samhengi sem og Ragnheiðar Ríkhildsdóttur, fyrrverandi þingmanns, en hún starfaði eitt sinn sem bæjarstjóri í Mosfellsbæ. Breiðfylling

kvemma inn á flokksins vill Unni Brá Konráðsdóttur, er datt út af þingi í síðustu kosningum, sem oddvita í Reykjavík. Þá sér völvun að leitað hefur verið til Stefáns Eiríkssonar, fyrrverandi lögreglustjóra höfuðborgarsvæðis. Enda þykir hann hafa leyst verk sín hjá Reykjavíkurborg vel af hendi. Það er ljóst að baráttan um leiðtogasætið verður æsispennandi.

Fleiri slys á ferðamönnum

Lögreglan á Suðurlandi er komin að þörmörkum og mun krefjast stóru aukinna fjárframlaga til að efla löggæslu enda er umdæmið víðfeðmt og löggæslan á svæðinu vandræðalega undirmönnuð. Í sama streng taka stjórnendur sjúkrahússins á Selfossi en starfsmenn þar eru að sligast undan álagi og munu krefjast aðgerða í kjölfar óvænts dauðsfalls sem auðveldlega hefði mátt koma í veg fyrir.

Aðilar ferðaþjónustu á Íslandi halda neyðarþing í haust komandi þar sem blásið verður til aðgerðaáætlunar til úrbóta í ferðaþjónustu. Viðtæk samstaða er um málið.

Snemma á árinu fær Ísland útreið sem áfangastaðir í virtu tímariti um lífsstíl og ferðalög. Um mitt ár birtir til og sjónvarpsauglýsing tekin upp á Íslandi eykur enn á ferðamannaflauminn.

Innviðir molna

Innviðir heilbrigðiskerfisins halda áfram að molna. Enn þurfa sjúklingar að sofa á göngum og enn tekur marga daga, jafnvel vikur, að fá tíma hjá heimilislækni. Mikil veikindi munu herja á starfsfólk Landspítala sem eiga rætur sínar að rekja til vinnuálags og mygju í húsnæði. Ástandið verður óþolandi og mun mannekla valda verulegum vandræðum í starfsemi sjúkrahússins.

Viðbrögð Birgis Jakobssonar landlæknis við slæmu ástandi á sjúkrahúsinu veldur mikilli reiði á meðal heilbrigðisstarfsmanna. Háværar raddir krefjast úrbóta og þess að nýr landlæknir taki við keflinu og er þar Tómas Guðbjartsson, Lækna-Tómas, nefndur til sögunnar.

Hamingjustuðullinn hækkar

Íslendingar verða óviðræðuhæfir vegna HM-vímu í júní, gleðivísitalan mun margfaldast og heimurinn mun halda með litla Íslandi. Landsliðinu mun vegna vel og standast allar væntingar en kemst ekki í úrslit. Orðið húh verður viðurkennt inn í Orðabók menningarsjóðs sem réttmæt upphrópun.

Glæst för til Rússlands

Þótt við Íslendingar endum ekki á verðlaunapalli á HM ná strákarnir okkar enn og aftur að blása þjóðernisástinni okkur í brjóst. Rússlandsförin verður þó ekki aðeins dans á rósum og sér völvun mikil slagsmál brjótast út á meðal áhængenda þar sem margir slasast, ekki síst vegna aðkomu rússnesku lögreglunnar.

Við kynnumst glænýrri frjáls-íþróttastjórnun á árinu. Ungri stúlku sem hefur æft íþróttir allt sitt líf með góðum árangri en enginn veitt henni athygli fyrr en nú. Þessi stúlka skipar sér í fremstu röð meðal íþróttamanna heimsins og á eftir að verða nafn sem hvert mannsbarn þekkir innan nokkurra ára.

Svo sér völvun þekktan, íslenskan íþróttamann landa stórum


#metoo

Völvuspáin 2018

Skrautlegt ár fram undan

Hvert ár er einstakt, það ber með sér nýjar áskoranir og ævintýri með óvæntum endi. Eitt slíkt rennur nú sitt skeið. Sumir kveðja árið 2017 með trega, aðrir fullir þakk-lætis. Því fylgir mikil eftirvænting að líta til ókominnar framtíðar. Tökum nýju ári fagnandi – bjóðum 2018 upp í dans og siglum á vit nýrra ævintýra.





auglýsingasamningi við heimsþekkt íþróttafyrirtæki. Það væri helst Birkir Bjarnason, leikmaður íslenska landsliðsins í knattspyrnu, sem vakti athygli fyrir fríðleika á EM og var þá strax orðaður við fyrirsætustörf.

Spandexið inn í skáp

Á árinu 2018 mun sous vide-æðið renna sitt skeið á enda. Landsmenn munu einnig leggja reiðhjólum sínum og spandexgöllumunum. Nýtt og óvænt æði mun helta þjóðina áður en að haustið gengur í garð sem felur í sér framandi tegund smájurta sem fólk ræktar af alúð á heimilum sínum.

Bæ, bæ, Snapchat-stjörnur

Frægðarsól ungra samfélagsmiðla-stjarna lækkar, sérstaklega með tilkomu nýrra reglna um duldar auglýsingar. Þá nær eldri borgari góðum tókum á samfélagsmiðlinum Snapchat og veltir öðrum stjörnum rækilega úr sessi. Íslendingar verða meðvitaðri um þann gerviheim sem sumar þessara stjarna lifa í og nenna ekki að taka þátt í honum. Töknum verður í auknum mæli skipt út fyrir samræður, tístum fyrir símtöl á milli fólks.

Brúðkaup komast í tisku

Íslendingar munu æða upp að altarinu og verður ágústmánuður vinsæll meðal brúðhjóna. Uppáhaldsdagsetningin til að ganga í hjónaband verður laugardagurinn 18. ágúst, 18.08.18.

Forsetinn feilar

Guðni Th. Jóhannesson slær alvarlega feilnótu í fatavali við opinbera athöfn á erlendri grundu. Íslenskir tiskuráðgjafar með Svavar Örn og Karl Berndsen fremsta í flokki bjóðast til að dressa forsetann upp og veita honum persónulega tiskuráðgjöf, honum að kostnaðarlausu.

Þær finna ástina

Sigríður Klingenberg, spá-drottningin sjálf, eignast erlenda kærasta sem hún hittir fyrir tilviljun á kaffihúsinu á Álftanesi. Ellý Ármanns verður komin með nýjan herra upp á arminn fyrir lok febrúar, en það verður tattúlaus ást.

Linda Pétursdóttir ákveður að elta draumaprinsinn til Bandaríkjanna og sest að til frambúðar á stóru kúabúi í Suðurlandinu.

Manuel Ösk verður loksins boðið á stefnumót og það ekki bara eitt heldur fjölmörg.

Eldgos á óvæntum stað

Árið byrjar með hæglatiðsvæðri en í mars geisar fordæmalaust mannskadaðeður. Og já, það mun gjósa. Eldgos verður er sumar nálgast, þó ekki þar sem fólk býst helst við. Þetta eldgos verður samt sem betur fer ekki það stórt að það setji allt úr skorðum.

Nýtt upphaf Stöðvar 2

Það verða miklar sviptingar á fjölmiðlamarkaði árið 2018. Tveir vefmiðlar berjast hart um hylli fólks. Annar þeirra rótgróinn en stórlega endurbættur en hinn alveg glænýr. Annar þessara vefmiðla heldur velli og verður mest lesni vefmiðill á Íslandi. Hinn dalar og skellir í lás fyrir næstu áramót.

Stöð 2 skiptir um gír og mannbreytingar verða á stöðinni. Einnhverjir verða látnir vikja til að rýma fyrir nýju fólki sem á eftir að gefa stöðinni eins konar nýtt upphaf. Stöð 2 eflir einnig framleiðsluteymi sitt og verða gerðar tvær nýjar þáttaraðir á árinu sem eiga eftir að

fara víða.

Á Sjóvarpi Símans verður skipt um sjónvarpsstjóra á árinu sem boðar nýjar áherslur og bjartari tíma á stöðinni.

Íslendingur með Hollywood-stjörnum

Leikarinn Darri Ingólfsson, sem margir eru kannski búnir að gleyma, landar aðalhlutverki í stórri Hollywood-mynd með þekktum stórstjörnum í bransanum.

Páll Óskar Hjálmtýsson snýr aftur á svið í Rocky Horror og hlýtur einróma lof gagnrýnenda. Þetta á eftir að leiða af sér fleiri hlutverk fyrir Pál Óskar og sér völvann hann blómstra í dramatisku hlutverki í sjónvarpi.

Elma Stefania Ágústsdóttir snýr aftur eftir barneignarorlof og sigrar leiklistarheiminn í öflugum stykki sem tryggir henni hinar ýmsu tilnefningar. Þá fær hún einnig aðalhlutverk í nýrri íslenski stórmynd, sem leikstýrt verður af óþekktum leikstjóra.

Þá fer titið fyrir Baltasar Kormáki hér á landi þetta árið en hann situr þó ekki auðum höndum heldur vinnur bak við tjöldin að undirbúningi fyrir stærsta verkefni sem hann hefur komið að til þessa. Björk Guðmundsdóttir verður undir feldi, hún mun sinna andlegum málum á árinu og leita að jafnvægi í lifinu.

Nýtt grintvíeyki, karl og kona, hefur ferilinn á vefmiðli á Íslandi og slær rækilega í gegn. Þetta byrjar sem saklaust og stutt grin en í lok árs verður þetta tvíeyki meðal valdamestu Íslendinga í heimi fjölmiðla.

Íslenskt tónlistarlíf tekur breytingum

Ruth Regínalds Moore gefur út nýtt lag og reynir aftur fyrir sér á íslenskum tónlistarmarkaði. Hið sama reynir stórstjarnan Leoncie en hún sendir frá sér nýjan smell um íslenska fótboltalandsliðið sem slær í gegn hjá þjóðinni.

Íslensku ungrappararnir JóiPé og Króli og Herra Hnetusmjör fara í samstarf og senda frá sér smell sem mun vekja athygli út fyrir landsteinana, sérstaklega í Færeyjum.

Sigrum hjórtu í Eurovision

Árið 2018 er árið sem að við ætlum að vinna evrópsku söngvakeppnina – aftur. Í þetta sinn kemur framlag Íslendinga úr óvæntri átt. Gamalkunn stjarna stígur á svið, nú sem hún sjálf, Ágústa Eva Erlendsdóttir, en ekki sem Sívía Nótt. Ágústa Eva og Gunnar Hilmarsson úr hljómsveitinni Sycamore Tree vinna hug og hjórtu þjóðarinnar og Evrópu með einlægu og einföldu lagi sem mun fá mikla spilun á erlendum útvarpsstöðvum.

Ládeyða í Þjóðleikhúsinu

Þjóðleikhúsið nær ekki að skáka Borgarleikhúsinu í vinsældum. Leikritaval þess verður hörðlega gagnrýnt og hitna fer undir stól leikhús-

stjóra. Völvann sér glitta í Gísla Örn Garðarsson sem Þjóðleikhússtjóra í framtíðinni.

Aðeins minna vó hjá WOW

Skúli Mogensen tefldi djartf á árinu 2017 og mun súpa seyðið af því árið 2018. Erfiðleikar verða í rekstrinum vegna offjórðfestinga og harðnandi samkeppni frá erlendum flugfélögum sem ætla sér stóra hluti á flugleiðinni á milli Bandaríkjanna og Evrópu. Stórtíðinda er að vænta í einkalífi Skúla, völvann spáir barni og brúðkaupi í lok ársins 2018.

Fjárhagslegt högg

Það verða miklar sviptingar í viðskiptalífínu og stokkað upp víða. Til að mynda hjá Arion banka þar sem skipt verður um marga af æstu stjórnendum bankans. Fjárfesting í kísilveri United Silicon og niðþungt fjárhagslegt högg sem bankinn þurfti að taka á sig vegna vandræða United Silicon spila þar stóra rullu.

Deila Róberts Wessmann við Björn Inga Hrafnsson athafnamann nær hámarki þegar tekur að vora.

Jón Gerald Sullenberger verður undir feldi fyrirþrátt árs en þegar tekur að hausta snýr hann aftur á sjónarsviðið með nýtt fyrirtæki í samgöngugeiranum sem verður afar umdeilt.

Kona verður ráðin í æstu stöðu hjá einu af fyrirtækjunum sem skráð eru í Kauphöllinni. Þetta er tiltölulega ung kona sem hefur starfað mikið erlendis. Hún á eftir að verða mörgum innblástur.

Enginn verður óbarinn biskup

Vaxandi ólga verður innan kirkjunnar vegna embættisverka Agnesar M. Sigurðardóttur biskups. Mikill þrýstingur verður á Agnesi að segja af sér. Fjöldi þeirra sem segja sig úr þjóðkirkjunni nær hámarki. Til tíðinda dregur með haustinu, nýr biskup tekur við, eldri prestur sem hefur nú þegar lagt hempuna á hilluna.

Umræðan gegn byggingu mosku á Íslandi nær flugi í vor en hrapar svo harkalega til jarðar þegar aðstandendur Útvarps Sögu taka upp hanskann fyrir sýrlenska fjölskyldu sem þráir það heitast að geta stundað trú sína í mosku í nýju heimalandi, Íslandi.

Nóróveirusýking á kirkjuþingi

Á framhaldsfundi kirkjuþings í Vídalínskirkju í mars kemur upp skæð nóróveirusýking. Tugir presta og embættismanna kirkjunnar eru fluttir í einangrun í safnaðarheimili og grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Björgunarsveitir standa vaktina og systurkirkjur íslensku þjóðkirkjunnar á Norðurlöndum standa fyrir fjölmennum bænastundum. Sýkingin er að lokum rakin til smábrauða með sardínium í majónesi sem verða á boðstólum á kirkjuþingi. Þekktur matreiðslumeistari lokar fyrirtæki sínu og kaupir gúmmiplantekru í Suðaustur-Asíu.



Samsett kaka sem skýtur beint upp með stigmagnandi hraða. Litaðar kúlur sem að skjófast upp og springa í rauð, græn og blá pálmablóm með silfrudu glitrandi leiftri. Rauðar, grænar og bláar stjörnur með gulllituðum brakandi pálmum sem brestur í.

98 skot
85 SEK
5
5
15 kg

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

Þú færð Vig Porvalds á næsta flugeldamarkaði björgunarsveitanna



EASY

Nettur tungusófi. Tunga getur verið bæði vinstra og hægra megin. Ljósgrátt áklæði.

Stærð: 232 x 145 x 85 cm

110.494 kr. ~~169.990 kr.~~

35%
AFSLÁTTUR



EASY

Tveggja og þriggja sæta sófar. Dökk- eða ljósgrátt áklæði.

25%
AFSLÁTTUR

2ja sæta: 170 x 95 x 85 cm

74.993 kr. ~~99.990 kr.~~

3ja sæta stærð: 205 x 95 x 85 cm

82.493 kr. ~~109.990 kr.~~



BRENNER

2,5 og þriggja sæta sófi. Hvítt og svart savoy/split leður.

2,5 sæta leður: 165 x 97 x 82 cm

194.993 kr. ~~259.990 kr.~~

3ja sæta leður: 230 x 97 x 82 cm

254.993 kr. ~~339.990 kr.~~

25%
AFSLÁTTUR



NATUZZI EDITIONS

B988 2ja og 3ja sæta sófar og stóll. Brúnt eða svart leður.

2ja sæta sófi: 166 x 76 x 76 cm

247.493 kr. ~~329.990 kr.~~

NATUZZI EDITIONS

3ja sæta sófi: 205 x 76 x 76 cm

284.993 kr. ~~379.990 kr.~~

25%
AFSLÁTTUR



34%
AFSLÁTTUR

EBBA

Hægindastóll. Fjórir litir. Lion gulur, blár, bleikur eða grár.

39.593 kr. ~~59.990 kr.~~



25%
AFSLÁTTUR

KENYA

Hægindastóll. Holly Chocolate eða Holly Dusty Green áklæði.

37.493 kr. ~~49.990 kr.~~



CONFORM®

30%
AFSLÁTTUR

GLOBE

Fæst í svörtu, rauðu og hvítu leðri.

188.993 kr. ~~269.990 kr.~~

Skemill: **41.993 kr.** ~~59.990 kr.~~

DINEX

Borðstofuborð úr eik.

Minna: 90 x 90 cm.

Stærra: 90 x 140 cm



90x90 cm

47.994 kr.

~~79.990 kr.~~



90x140 cm

59.994 kr.

~~99.990 kr.~~

90 x 90 cm. Tvær 33 cm stækkanir fylgja.

40%
AFSLÁTTUR



ELLIOT

Borðstofuborð. Villt eik, svört grind og svartir fætur. Stærð: 220 x 95 cm.

Borð

27.996 kr. ~~69.990 kr.~~

Stækkun

5.996 kr. ~~14.990 kr.~~

60%
AFSLÁTTUR

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 4. febrúarr eða á meðan birgðir endast.

RISA ÚTSALA

í fullu fjöri

Allt að

60%

afsláttur



CLEVELAND

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga.
Ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

134.993 kr. -179.990 kr.

25%
AFSLÁTTUR

STORY

Borðstofustóll.
Svört eða grá
skel og fætur
og grátt áklæði
í setu.

Hvít skel,
eikarfætur og
grátt áklæði
í setu.

Með lituðum fótum.

8.394 kr. -13.990 kr.

Með eikarfótum.

9.594 kr. -15.990 kr.



40%
AFSLÁTTUR

OTTAWA

Borðstofustóll,
brúnt, grátt
eða svart
PVC áklæði.

25%
AFSLÁTTUR

8.993 kr. -11.990 kr.



ALISON

Borðstofustóll.
Ljós- eða dökkgrátt
slitsterkt áklæði,
krómgrind.

60%
AFSLÁTTUR

4.796 kr. -11.990 kr.



NESTOR

Borðstofu-
stóll.
Coffee
áklæði.

40%
AFSLÁTTUR

10.794 kr. -17.990 kr.



ROMBO

Borðstofu-
stóll.
Dökkgrátt
PU-leður
og svartir
fætur.

30%
AFSLÁTTUR

27.993 kr. -39.990 kr.



VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN



HÚSGAGNA
HÖLLIN



Lára Guðrún, Kolfinna, Brynjar og Grímur eru sammála um eð #metoo byltingin, ringulreið í stjórnmálum og afrek íslenskra íþróttamanna hafi borið hæst á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Á rökstólum: rapp, byltingar & pólitík

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Árið hefur verið annarsamt og viðburðaríkt hjá þeim fjórum sem setjast á rökstóla á Kaffi París einn morgun rétt fyrir áramót. Grímur Grímsson stýrði einni umfangsmestu morðrannsókn sem gerð hefur verið í íslensku samfélagi. Lára Guðrún Jóhannudóttir var greind með brjóstakrabbamein snemma á árinu og fór í brjóstnám í mars. Hún vakti athygli á aðstæðum krabbameinsjúkra í sumar og vill byltingu í þjónustu til þeirra.

Brynjar Nielsson var í hringiðu stjórnmálanna, kosningar eru afstaðnar og þingstörf hafin. Kolfinna Nikulásdóttir, listamaður og Reykjavíkurdóttir, hefur einnig átt viðburðaríkt ár. Hún útskrifaðist úr námi, sinnir rúmlega ársгамalli dóttur, leikstýrði leikverki og gaf nýverið út nýtt lag með Reykjavíkurdætrum, Hvað er málið?

Kolfinna er örliðið sein fyrir. „Ég þurfti að berja bílinn í gang,“ segir hún og sest niður og þiggur fegin kaffisopa.

Hafið þið hist áður? Þekkið þið hvert til annars?

Grímur: Ég hef hitt Brynjar áður.

Brynjar: Já, við höfum þekkt í 35 ár. Við hittumst fyrst í háskólanum. Svo var ég lögmaður og hann í löggætti. Við vorum því alltaf að rifast.

Grímur: Ég er nú ekkert að rifast. Það er gaman að pólitískum töf-urum eins og Brynjar.

Lára: Brynjar, ég hef bara rifast við þig í gegnum sjónvarpið.

Brynjar: Skammast í mér örugglega.

Lára: Já, hvort ég hef. Það er auðvelt að rifast við sjónvarpið. En svo erum við nú bara öll manneskjur.

Brynjar: Ég var nú einu sinni spurður hvort ég væri manneskur.

Kolfinna: Er það? Ég líka! Ég svaraði bara: Ég veit það ekki.

Lára: Grímur, ég velti því líka fyrir mér hvort þú værir manneskur í byrjun árs þegar þú varst eiginlega vakandi allan sólarhringinn.

Grímur: Það var mest í kringum það þegar við vorum að taka skipin. Kapítuli út af fyrir sig. Þá vildi maður vera til staðar allan tímann.

Haldið þið að það sé komið góðæri á Íslandi?

Grímur: Það var haft eftir starfsmanni ríkisskattstjóra að við værum komin með hærri tekjur en 2007.

Grímur Grímsson yfirlögregluþjónn, **Lára Guðrún Jóhannudóttir** nemi, **Brynjar Nielsson** þingmaður Sjálfstæðisflokksins og **Kolfinna Nikulásdóttir** listamaður og Reykjavíkurdóttir settust á rökstóla nú rétt fyrir áramót og ræddu mál tengd árinu sem er að líða.

Lára: Það er góðæri hjá Þjóðkirkjunni. Það er ekki góðæri í innviðum spítalans. Spítalinn er núna kannski á réttri leið fyrir starfsfólkið þar, vonandi verður hann seinna líka góður fyrir sjúklinga. Kannski lærum við einn daginn að gera bæði. Ég finn lykt af þessu góðæri í kringum mig. En hvað er góðæri eiginlega? Þér líður vel, isskápurrinn er fullur af mat. Ég gat borgað fyrir lyfin mín í gær þannig að ég er bara sátt.

Kolfinna: Er góðæri bara hærri laun?

Grímur: Er það ekki að eiga fyrir reikningunum og aðeins meira en það?

Kolfinna: Er það ekki andlegt líka? Snýst þetta ekki svolítið um það hvernig við högum okkur?

Lára: Eins og í maníu, það verður svolítil sturlun.

Kolfinna: Jú, við erum að gera, græja og kaupa.

Lára: Vonum að það verði betra andlegt góðæri á næsta ári. Að við verðum í innri vellystingum.

Brynjar: Það er góðæri núna í sögulegum samanburði. Núna hefur þjóðin það betra í efnahagslegu tilítu en nokkru sinni áður. En það þýðir ekki endilega að okkur líði betur.

Kolfinna: En það er ekki hlutverk stjórnmálamanna, er það?

Brynjar: Nei, hver er sinnar gæfu smiður.

Grímur: En er þarfapíramídi Maslows ekki þannig að eftir að maður er búinn að sinna frumhvötunum þá getur maður sinnt öðrum þörfum og gefst þá tækifæri til að líða betur andlega?

Lára: Já, þannig að auðvitað geta stjórnmálamenn hjálpað folki að líða betur.

Grímur: Að minnsta kosti geta þeir komið folki á þann stað að það fær til þess tækifæri. Jafnað gæðunum niður.

Brynjar: Við erum alltaf að því sko. Þess vegna höfum við bótakerfi. Við erum alltaf að jafna gæðunum niður, svo getum við deilt um það hvort það er jafnað of mikið. En ég er ekki viss um að velliðan hafi eitthvað með þetta allt að gera. Kannski áhrifavaldur. En svo er bara spurningin hvort fjölskyldan sé veikara form en áður, hvort það sé ástæðan fyrir því að okkur líður verr. eru geðraskanir algengari en áður? Eða er fólk bara að tala meira um það?

Grímur, hvað finnst þér hafa staðið upp úr á árinu?

Grímur: Mér finnst það hafa verið mál sem varða uppreist æru og svo það sem fylgdi í kjölfarið, #metoo byltingin. Mér finnst þetta hafa verið áberandi mál í fjölmiðlum og samfélaginu öllu. Svo þegar ég lit nær, þá voru á Íslandi fjögur manndráp á árinu. Það er töluvert yfir meðaltalinu, sem er dapurlegt. Mér finnst að á árinu höfum við talað um óþægilega hluti og það hafi oft verið erfitt.

Lára: Það er rétt. En það á held ég að vera erfitt.

Grímur: Karl á mínum aldri. Manni finnst svolítið að sér vegið. Manni er líka sagt að maður eigi ekki að taka því svoleiðis en maður gerir það samt. Við höfum líka tilfinningar.

Lára: Tilfinningabyltingin er á næsta leiti.

Kolfinna: #fyrirgefðu byltingin. Ég er að biða eftir henni.

Lára: Þeir karlmenn sem eiga erfitt með þetta, það er eðlilegt. Það þarf að ganga langt í þessu til að ná árangri. Byltingar einkennast af öfgum.

Erum við í öfgum núna?

Lára: Já, vonandi.

Brynjar: Já, það er rétt, allar byltingar eru öfgakenndar að einhverju leyti. Svo jafnast hlutirnir, það er reyndar ekkert á vísan að róa með það.

Lára: Ef karlmenn eru eitthvað óvissir um hvernig þeir eiga að vera, þá er það svolítið þú-vandamál. Ekki ég-vandamál. Fólk þarf bara að bera virðingu og nota svolítið innsæið.

Grímur: Þetta er áhugaverð hugmynd. Við getum átt í samskiptum og ég gæti sagt eitthvað sem er ekki velkomið hjá þér.

Brynjar: Það er óvelkomið að þú hafir aðra skoðun jafnvel.

Grímur: Nei, alls ekki. Þetta er gagnvart öðrum einstaklingi. Það er ekkert endilega víst að ung kona sé sátt við það að ég sé að hrósa henni. Þá verð ég að taka tillit til þess.

Lára: Og þá gæti ég líka sagt: Mér finnst þetta óþægilegt.

Grímur: Flestum finnst óþægilegt þegar það er sett ofan í við þá. Þá verða samskiptin ekki aftur eins á milli einstaklinga. En það er þá alltaf á ábyrgð þess sem fer yfir mörkin.

Kolfinna: Ég starfa í Borgarleikhúsinu og þar var #metoo byltingin áberandi. Borgarleikhússtjóri var hugrökk og stóð sig vel. Margir hafa byrgt inni reynslu sína í mörg ár. Auðvitað verður þá mikil sprenging þegar þetta brýst allt saman út. Það sem hefur komið í ljós er mikil skekkja í samskiptum kynjanna. Næst er að hugleiða: Hvað erum við öll að gera vitlaust? Mér finnst ekki nóg að segja að karlmenn þurfi bara að taka ábyrgð. Við þurfum öll að taka ábyrgð. Til dæmis á samstöðu kvenna. Menning kvenna á Íslandi er mjög grunn. Það vantar raunverulega samstöðu. Konur finna ekki fyrir samstöðu í vinnu. Þær finna fyrir samkeppni og vantrausti. Þær finna ekki fyrir andlegri samkynhneigð eins og karlar gera.

Brynjar: Erum við andlega samkynhneigðir, við Grímur?

En sko, þó að þessi bylting sé að hluta til ofstækisleg þá er kosturinn við hana að menn setjast niður og hugsa um mannleg samskipti. Öll. Ekki bara þau sem eru með kynferðislegum undirtón. Ég hef líka

leitt hugann að því hvort við séum agalauz þjóð. Erum við að kenna börnunum okkar kurteisi?

Brynnar: Þú hlustar þá ekkert á rapp. **Kolfinna:** Þú hlustar þá ekkert á rapp. **Brynnar:** Ég heyrði brot af þessu rappi ykkar fyrir meira en ári síðan hjá Gísla Marteini. **Kolfinna:** Var það þegar við sungum: Sjúgðu á mér snipinn tík? **Brynnar:** Það myndi einhver segja að þetta væri af kynferðislegum toga. **Kolfinna:** Já, þetta er mjög stórt í rappi. **Brynnar:** Þetta særði ekki mína blygðunartilfinningu en sjálfsagt einhverra annarra gamalla karla.

Kolfinna: Ég held að ástæðan fyrir því að #metoo byltingin er svo kraftmikil sé að konur hafa ekki getað tjáð sig. Þegar þú ert búin að byrgja eitthvað inni lengi, þá þarftu að óskra. Svo smám saman verður auðveldara að tjá sig. Það verður ekki jafn ofsafengið. Þá hættir þetta að vera svona rosalegt gos.

Svo þetta með mörkin. Það þarf að vísa veginn. En það er nýtilkomid hjá mér að finnast það. Ég hef nefnilega oft sagt: Mér finnst þetta nú meiri vællinn. Hvað með það að það sé káfað á manni, þá fer maður bara til þerapista. Nenni ekki að vera að hlusta á þetta. Svona var ég mjög oft mjög mikil karlremba.

Ég lenti nefnilega ekki í þessu. Ég lét engan taka fram í fyrir mér, tek mitt pláss, hef hátt. Það káfar enginn á mér.

Brynnar: Það þorir það enginn líklega. Þú setur mörk.

Kolfinna: Nei, það þorir það enginn. Það þorir heldur enginn að bjóða mér á deit. Mér finnst það mjög leiðinlegt. Mér finnst gaman að vera í sólarlöndum þar sem það er flautað á eftir mér. En svo verð ég að temja mér samkennd. Það eru ekki allir með sömu persónugerð og ég. Við þurfum að hugsa um hvert annað.

Grimur: Þetta sem þú sagðir, Brynnar, með að setja mörk. Það getur samt ekki verið að samskiptin eigi alltaf að vera þannig að það þurfi alltaf að setja einhverjum mörk. Menn hljóta í raun að átta sig á því hvar mörkin liggja?

Brynnar: Það er breytilegt eftir því á hvaða tíma maður lifir.

Grimur: Við eigum að vera skynsöm.

Brynnar: Hvað finnst þér standa upp úr á árinu?

Brynnar: Þetta er ekki ár stjórnmálamána.

Kolfinna: Ert þú stjórnmála- maður? Í flokki? Ertu á þingi?

Brynnar: Já. **Lára:** Þú hefur þá ekki rifist við hann í gegnum sjónvarpið?

Kolfinna: Nei, alls ekki, ég á ekki sjónvarp og er mikið í útlöndum.

Brynnar: Þá tekurðu ekki þátt í samfélaginu. En stjórnmálaklúðrið á þessu ári. Slit ríkisstjórnarinnar í september, hvernig það gerðist er sennilega versta pólitíska klúðrið í manna minnum. Og sýnir veikleika stjórnmálanna.

Stjórnur þessa árs finnst mér vera íþróttafólkið. Að ná að komast á HM er ótrúlegt afrek í sjálfu sér. Svo er ég sérstaklega hrifinn af árangri Ólafíu Þórunnar, að komast á þennan stall. Í heimsklassa. Meiri- háttar mál. Stjórnur ársins, fyrir utan Grím, er íþróttafólk landsins.

Kolfinna: Hjá hvaða flokki ertu?

Brynnar: Ég er Sjálfstæðismaður og íhaldsmaður.

Kolfinna: Vá, ertu ráðherra?

Brynnar: Ég er þingmaður í þessu húsi þarna úti. Ég verð ekki ráðherra. Það þorir enginn að gera mig að ráðherra.

Grimur: Albert Guðmundsson var ráðherra.

Brynnar: Já, með hótunum.

Kolfinna: Ég er búin að vera mikið úti. Ég er kannski ekki með allt á hreinu sem var að gerast á Íslandi. Við vorum annars að gefa út lag.

Brynnar: Já, þú ert Reykjavíkurdóttir, ég veit það. Þið eruð svolitíð klámfengnar.

Kolfinna: Nei, ha? Klámfengnar? Klámsjúkar?

Brynnar: Klámfiklar kannski. Þið eruð svolitíð á kynferðislegum nótum.

Kolfinna: Þú hlustar þá ekkert á rapp.

Brynnar: Ég heyrði brot af þessu rappi ykkar fyrir meira en ári síðan hjá Gísla Marteini.

Kolfinna: Var það þegar við sungum: Sjúgðu á mér snipinn tík?

Brynnar: Það myndi einhver segja að þetta væri af kynferðislegum toga.

Kolfinna: Já, þetta er mjög stórt í rappi.

Brynnar: Þetta særði ekki mína blygðunartilfinningu en sjálfsagt einhverra annarra gamalla karla.

Kolfinna: Já, en þá verða þessir gömlu karlar að skilja að þetta er svar við endalausum typpatali.

Brynnar: Karlar hafa örugglega meira gaman af því þessu en typpatali. Ég veit ekkert um rapp.

Kolfinna: Og ég veit ekkert um pólitík en Erpur Eyvindarson girti niður um sig á Íslensku tónlistarverðlaununum um aldamótin. Hann söng: Bitch viltu dick. En svo syngjum við sjúgðu á mér snipinn og fólk gengur út og Brynnar Nielsson húðskammar Kylfuna.

Brynnar: Nei, nei. Ég vil ekki skamma þig og þetta finnst mér ekki viðkvæmt heldur bara fint. Ég

var bara að setja mig í spor einhverra annarra hugsanlega.

Grimur: Það er nýtt að konur séu að taka upp þennan hanska. Í rappi, vera með svona texta. Jafna þetta út, þessa texta sem karlar hafa verið með. Þetta er pólitík. Það er gaman að fylgjast með því þegar fólk yfir á mörk, gerir tilraunir með þau.

Lára: Það er auðvitað svolitíð persónulegt fyrir mig að svara því hvað stóð upp úr á árinu. En auðvitað var það samt þessi réttláta reiði sem kviknaði í mér við það að

fara í gegnum fen heilbrigðiskerfis og greiðsluþátttöku. Sjá hvernig peningar leka út úr kerfinu og ekki til notenda þess. Útlagður kostnaður sem hleypur á milljónum bara við það að missa eitt brjóst. Og þurfa að borga fúlgur fjár fyrir möguleikann á því að stofna fjölskyldu í framtíðinni. Heilbrigðismálin voru í forgrunni í kosningabaráttunni. Gott að við erum sammála um það. Brynnar talaði um það að stjórnmálamaður væru með allt niður um sig. Þá verð ég að spyrja: Er þetta að virka? Eftir þetta ár þurfum við svolitíð að endurmeta hlutina. Stjórnmálin ættu að lagast að okkur, ekki við að þeim.



Getur þú verið reyklaus í eina viku?

Margir sem hafa reynt að hætta að reykja þekkja hve erfið fyrsta vikan getur verið. Nicorette nikótínlyf auðvelda reykjngafólki að venja sig af tóbaki með því að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum.

- Hugsaðu um heilsuna og skoraðu á sjálfan þig.
- Prófaðu að hætta í eina viku og sjáðu hvernig þér líður.
- Meðferðarlengd með Nicorette nikótínlyfjum er einstaklingsbundin. Ef þér finnst þú áfram þurfa stuðning nikótínlyfja getur Nicorette stutt þig áfram í átt að reykleysi.




Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

nicorette[®] auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette nikótínlyf (innihalda nikótín) eru notuð við tóbaksfíkn. Þau draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og auðvelda reykjngamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. Lyfatyggigúmmi skal tyggja rólega og láta liggja kyrrt í munnum öðru hverju. Innsogslýfi skal anda að sér í gegnum munnstykkid. Nefúða er úað í hvora nösina. Forðaplastur er settur á húð. Munnsogstöflur eru látnar leysast upp í munn. Tungurótartöflur eru látnar leysast upp undir tungu. Munnholtsúða skal úða í munn. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette og munnholtsúðinn og munnsogstöflurnar eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfjans. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

IS/NIC-A/K-2017-12-1

LEIKHÚSANNÁLL 2017



Katrín Halldóra hefur slegið í gegn sem Elly í Borgarleikhúsinu og ásamt samstarfsfólkinu skapað afar vinsæla sýningu.

Langt síðan leikárið hefur byrjað jafn vel

Andstæður einkenna það besta sem íslenskum leikhúsunndum hefur staðið til boða á leikárinu sem nú stendur sem hæst, skrifar **Sigríður Jónsdóttir** leiklistargagnrýnandi sem horfir yfir farinn veg og fram til þess helsta sem verður á fjölnum í vetur.

Margt hefur gengið á í leikhúsum síðustu mánuði en sköpunargleðin og fjölbreytnin hefur blessunarlega verið við völd, allavega hvað varðar leikhús fyrir fullorðna. Nú er lag að líta um öxl, skoða þær sýningar sem staðið hafa upp úr og steffin sem hafa einkennt leikárið hingað til.

Bestu sýningar leikársins til þessa koma nánast alveg hvor úr sinni áttinni, sem er mjög forvitnilegt, en eiga það sameiginlegt að vera ógrandi, krefjandi fyrir leikara og byggðar á sterkum texta. Sú fyrri var rokkkabarettinn Guð blessi Ísland í Borgarleikhúsinu, framreidd af Þorleifi Erni Arnarssyni og Mikael Torfasyni en sýningin var byggð á rannsóknarskýrslu Alþingis um hrúnið. Ófgarnar voru þar við völd sem og tryllingur kapitalismans, öllu var tjaldað til og hressilega kveikt undir áhorfendum. Sýningin fór í gegnum miklar breytingar á æfingartímabilinu og áhættan margborgaði sig. Hin seinni var Faðirinn í Þjóðleikhúsinu eftir Frakkann Florian Zeller í leikstjórn Kristinar Jóhannsdóttur. Þarna var á ferðinni látlaus en afar snjöll sýning þar sem gífurlegur listrænn metnaður umlék alla pósta, enda valinkunn manneskja í hverju rúmi. Leikarahópurinn

var líka með þeim sterkari. Nú á dögnum var tilkynnt að Kristín fengi heiðurslaun listamanna og er hún vel að heiðrinum komin enda einn af albestu leikstjórum landsins.

Eitthvað hefur birt til yfir íslenski leikritun á síðustu mánuðum en nokkur ný leikrit litu dagsins ljós, þó að Guð blessi Ísland sé á mörkunum enda byggt á öðru verki sem og Hafíð eftir Ólaf Hauk Símonarson sem er endurskrifað. Í Tjarnarbíói frumsýndi Sómi Þjóðar hið áhugaverða og tölvuædda SOL í byrjun desember og Ragnheiður Harpa Leifsdóttir skrifaði barnaleikritið Íó fyrir sama svið. Þjóðleikhúsið lokaði þrileik Ragnars Bragasonar með Risaeðlunum og í Borgarleikhúsinu mátti sjá Natan eftir Söllu Guðmundsdóttur og Kartöfluæturnar eftir Tyrfling Tyrflingsson sem gekk fyrir fullu húsi við mikið lof gagnrýnenda þegar sýningin þurfti frá að hverfa vegna tvíbókunar á Litla sviðinu.

Auðvitað er það gleðilegt þegar sýningar ganga vel en framlengingar á sýningartíma frá einu leikári til annars geta valdið glundroða á kostnað nýrra sýninga. Elly gengur ennþá fyrir fullu húsi í Borgarleikhúsinu en teppir Stóra sviðið á sama tíma, Kartöfluæturnar þurftu að vika fyrir Brotum úr hjónabandi þó að ástæðurnar hafi verið annars eðlis og sumar barnasýningar ganga árum saman án mikilla breytinga. Hefðir eru stundum af hinu góða en þegar markaðsvæðingin og peningakassinn hamla nýsköpun þá er vert að rýna betur í heildarmyndina.

Tjarnarbíói, heimili sjálfstæðu sviðslistasenuunnar, hefur svolítið átt við þennan vanda, ef vinsældir skal kalla vanda, að stríða það sem af er leikárinu. Fimm sýningar á þessu hausti voru frá fyrra leikári sem er vel en gæta skal hófs. Á móti kemur að Tjarnarbíói hefur tekið að sér að vera heimili danssenunnar líka en dansarar eiga ekki í öruggt atvinnuhúsnæði að venda um þessar mundir sem er algjör skömm. Einnig var Tjarnarbíói bækistöð fyrir leikhátíðina Everybody's Spectacular, samvinnuverkefni Reykjavík Dance Festival og Lókal. Þar mátti finna fjölbreytta dagskrá og er hátíðin mikilvægur vettvangur fyrir tilraunastarfsemi í íslenskum sviðslistum.

Verra er að segja frá því að fáar

barnasýningar hafa verið frumsýndar það sem af er leikári. Eins og áður sagði var hin hugljúfa Íó frumsýnd í Tjarnarbíói en Oddur og Siggí í boði Þjóðleikhússins var frumsýnd úti á landi í takt við loforð Þjóðleikhússtjóra um að sinna landsbyggðinni betur en sú sýning á eftir að skila sér á höfuðborgarsvæðið. Á nýja árinu verður Ég get frumsýnt í Þjóðleikhúsinu, Skúmaskot eftir Söllu Guðmundsdóttur í Borgarleikhúsinu og í Tjarnarbíói endursýnir Leikhópurinn Lotta Galdrakarlinn í Oz. Þetta er ákveðin afturför frá fyrri leikárum og nauðsyn að lagfæra.

Leikfélag Akureyrar hefur átt á brattann að sækja síðan það sameinaðist öðrum stofnunum undir hatti Menningarfélags Akureyrar. Síðustu misseri hefur enginn fast-ráðinn leikhópur starfað við félagið, sýningum farið fækkandi og fjárveitingar minnkað til muna. Jón Páll Eyjólfsson hefur nú sagt starfi sínu sem leikhússtjóri LA lausu en hann hefur barist við fjárskort síðan hann tók við störfum og áköll hans um frekara fjármagn fallið í grýtta jörð. Sem af er leikárinu hafa einungis tvær nýjar sýningar verið sýndar, jólasýningin fyrir börn um Stúf og hin sérlega vel heppnaða Kvenfólk þar sem dúóið Hundur í óskilum fór á kostum, ekki getur annað verið en þeir geri sér ferð suður. Framtíð LA er myrk um þessar mundir og hætta á því að atvinnu-

leikhús fyrir norðan leggist hreinlega af sem væru hræðileg örlög fyrir eitt elsta leikhús landsins.

Þjóðleikhúsið lokaði árinu með Hafinu í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar sem heppnaðist einkar vel. Leikritið var uppfært, þar á meðal var persónum fækkað og verkið stýtt, sem var að mestu af hinu góða og snjöll lausn til að færa leikverk sem hefur elst örlítið illa inn í samtímann. Hátíðarsýning Borgarleikhússins verður nú Himnaríki og helviti byggt á sagnabálki Jóns Kalmans Stefánssonar í leikgerð Bjarna Jónssonar. Upphaflega átti gríski harmleikurinn Medea í leikstjórn Hörpu Arnarsdóttur að verma þann stall en sýningunni var frestað fram í miðjan janúar. Hjörtur Jóhann Jónsson fyllir skarð Atla Rafns Sigurðarsonar sem var rekinn frá Borgarleikhúsinu stuttu fyrir jól og var brottreksturinn ástæða seinkunarinnar.

Í byrjun desember hélt Borgarleikhúsið viðburð þar sem nafnlausar sögur tengdar #metoo byltingunni voru lesnar upp af konum á öllum aldri. Sviðslistaheimurinn á Íslandi er litill og persónutengsl flókin, líkt og landið sjálft, en nú er lag til að hætta að tala undir rós og takast á við þá staðreynd að kynferðisleg áreitni er staðreynd í íslenskum sviðslistum. Stóru leikhúsin hafa gefið út tilkynningar þess efnis að slík hegðun líðist

ekki innan þeirra veggja og Lista-háskóli Íslands hefur lofað umbótum. Nú verður að standa við þessi loforð og breyta heiminum.

Hvað næsta leikar varðar þá eru nokkrar sýningar sem áhorfendur eiga að fylgjast sérstaklega með. Þar ber helst að nefna Himnaríki og helviti í Borgarleikhúsinu sem Egill Heiðar Anton Pálsson leikstýrir, ameríska verðlaunaleikritið Efi þar sem Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir snýr aftur á svið, Rocky Horror Picture Show þar sem Páll Óskar klæðir sig aftur í ham Frank-n-Furter og Svartalogn þar sem mætast þrumugóður leikhópur og tónlist Markétu Irglová. Í sjálfstæðu sviðslistasenuinni snúa Óskabörn ógæfunnar aftur í samfloti með Eiríki Erni Norðdahl, nú með nýtt leikverk að nafni Hans Blær.

Þrátt fyrir misjafnar sýningar hefur leikárið ekki byrjað jafn vel á síðustu árum og nú. Fjölbreytni er í fyrirrúmi og ákallið um fleiri ný íslensk leikrit virðist vera að skila sér en áhorfendur verða að muna að mæta og styðja þessar sýningar. Margar sýningar hafa verið langt yfir meðaltali í gæðum þó að sumar þeirra hafi fallið flatar en jölin eru ekki á hverjum degi sem betur fer. Nú er lag að halda þessari góðu vinnu áfram og ganga galvösk í leikhúsin á komandi ári.

Gleðilegt áframhaldandi leikar!
Sigríður Jónsdóttir



Úr SOL sem Sómi Þjóðar sýndi í Tjarnarbíói.



Hundur í óskilum fór á kostum í Kvenfólki.




Faðirinn er látlaus en afar snjöll sýning, segir í greininni.



**ÁHORF-
ENDUR
VERÐA AÐ
MUNA AÐ
MÆTA OG
STYÐJA
ÞESSAR
SÝNINGAR**



Ófgarnar voru við völd í Guð blessi Ísland.



Við óskum Jóni Hilmari
og öðrum landsmönnum
farsældar á nýju ári

Jón Hilmar Magnússon á afmæli á gamlársgangi og verður 32 ára. Hann er starfsmaður Alcoa Fjarðaáls og býr með konu sinni og tveimur börnum á Egilsstöðum. Við óskum honum innilega til hamingju með afmælið og landsmönnum öllum farsældar á nýju ári.

Fjarðaál
alcoa.is



SAMFERÐA Í 80 ÁR



Gleðilegt ár

Við höfum fengið að fljúga með Íslendingum heimshorna á milli í áratugi. Það er langur tími sem þó hefur liðið hratt, enda stórskemmtilegur. Við óskum farþegum okkar og landsmönnum öllum gleðilegs nýárs og hlökkum til að fljúga með ykkur inn í framtíðina.



ISLENSKA SÍÐA IS ICE 86890 12/17

80 ÁR Á FLUGI 1937-2017



ÁRIÐ 2017 MED AUGUM HALLDÓRS BALDURSSONAR



TIL HAMINGJU



FYRSTA SVANSVOTTADA EINBÝLISHÚS LANDSINS!



Einbýlishús Finns Sveinssonar og Þórdísar Jónu Hrafnkelsdóttur er fyrsta íslenska íbúðarhúsið sem hlýtur vottun Norræna umhverfismerkisins Svansins. Það hafði lengi verið draumur þeirra hjóna að byggja vistvænt hús á Íslandi og hafa þau haldið úti vefsíðunni visthus.is þar sem skrifaðar hafa verið greinar um vottunarferlið.


Við hjá BYKO höfum tekið þátt í þessari vegferð sem samstarfsaðili og helsti birgi á umhverfsvænum byggjavörum. Þetta verkefni hefur verið mikið lærdómsferli og hvetjum við alla til að hafa samband við ráðgjafa okkar og kynna sér möguleikana á umhverfsvænni leiðum til að byggja. - Gerum þetta saman!

Nánari upplýsingar
www.visthus.is
serlausnir@byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

ÁRIÐ 2017 MEÐ AUGUM HALLDÓRS BALDURSSONAR



BETRIBILAKAUP.is



Afhentir í júlí-ágúst
Verð frá 7.990.000 kr.

2019 Volvo XC90 Momentum



Verð frá 4.350.000 kr.

2017 Volvo V60 D6



Verð frá 4.300.000 kr.

2016 Mercedes-Benz C 350e



Verð frá 3.790.000 kr.

2017 Kia Optima

Gerðu betri
kaup hjá
okkur!

*Við finnum
draumabílinn
fyrir þig!*

Hringdu
núna!
511 2777

*Gleðilegt ár!
Þökkum
viðskiptin
og frábærar
viðtökur á
líðandi ári!*



Á staðnum
Verð frá 3.565.000 kr.

2017 Nissan Leaf Tekna+



Verð frá 3.450.000 kr.

2018 Kia Niro



Verð frá 4.100.000 kr.

2016 BMW 330e



Verð frá 6.400.000 kr.

2016 Kia Sorento

Ármúla 4-6, Reykjavík | 511 2777 | sala@betribilakaup.is



facebook.com/betribilakaup

GLEÐILEG

ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á



www.honda.is

HONDA
The Power of Dreams

T NÝTT ÁR

ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA



HONDA CIVIC - FJÖLSKYLDUBÍLLINN 2018
VERÐ FRÁ KR. 2.990.000



Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

Myndagáta Fréttablaðsins 2017



**SKILAFRESTUR
TIL 11. JANÚAR**

Í myndagátu Fréttablaðsins er ekki gerður greinarmunur á i og y og ekki á grönnum og breiðum sérhljóða frekar en vani er í slíkum gátum. Lausnum skal skilað í afgreiðslu Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, eða á netfangið myndagata@frettabladid.is. Dregið verður úr réttum lausnum og veglegur vinningur er í boði. **Lausnum skal skilað í síðasta lagi 11. janúar 2018.**

JÓLATÓNLISTAHÁTÍÐ 2017 Í HALLGRÍMSKIRKJU

HÁTÍÐARHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT



LAUGARDAGINN 30. DES. KL. 16.30 - (AUKATÓNLEIKAR)
GAMLÁRSDAGUR 31. DES. KL. 16.30 - (ATH BREYTTAN TÍMA)


Hátíðartónlist fyrir 3 trompeta, orgel og pákur.

Trompetleikararnir Eiríkur Örn Pálsson, Einar St. Jónsson og Baldvin Oddsson, Hörður Áskelsson orgelleikari og Eggert Pálsson pákuleikari flytja glæsileg hátíðarverk m.a. eftir J.S. Bach, Albinoni, o fl. barokkmeistara.

Einir vinsælustu tónleikar ársins, þ.s. hátíðarhljómar þeirra félaga koma öllum í áramótaskapið!

Vegna gríðarlegra vinsælda er nú gerð tilraun með að bæta við tónleikum 30. des.

Aðgangseyrir: 4.500/ 4000 kr. -50% afsláttur fyrir nemendur, öryrkja og félaga í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.



Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson skrifar um umdeilda bíómynd.

Kommúnistaskríll, rauðsokkusubbur og loðinbarðar gerðu uppsteyt í Austurbæjarbíói í fyrrakvöld, miðvikudag, er hefja átti níu-sýningu á bandarísku myndinni *The Green Berets*. Ruddust þeir inn miðalaust og settust á svið bíósins í mótmælaskyni við myndina. Það er kominn tími til að lögreglan sýni þessum lubbum í tvo heimana.

Þessa kröftugu ádrepu mátti lesa í Mánudagsblaðinu þann 19. október árið 1970 undir fyrirsögninni „Rennusteinslýður truflar kvikmyndasýningar“. Þótt fréttin væri ekki löng, náði blaðamaðurinn að koma að ýmsum svivirðingum um þennan „fámenna og fyrirlitna hóp ungvænna og karla“, sem betur ætti að halda sig í kommúnunum sínum. Taldi höfundur að skríll þessi fengi hugmyndir sínar helst frá „óupplýstu dönsku óeirðafólki og bitlarusli“.

Mótmælin sem ollu þessari hneykslun Mánudagsblaðsins voru tekin til umfjöllunar í öðrum blöðum, með nokkuð hófstílltari hætti þó. Morgunblaðið gat þess samt að klappað hefði verið fyrir lögreglunni þegar 25-30 óeirðaseggir voru fjarlægðir úr sal kvikmyndahússins og sýningargestir hafi baulað „út með skrilinn“ meðan á aðgerðum lögreglu stóð.

Í frétt Morgunblaðsins lét forstöðumaður kvikmyndahússins þess getið að flestir mótmælenda hefðu sjálfir verið meðal gesta á sýningu myndarinnar kvöldið áður. Síðar sakaði hann skipuleggjendur aðgerðanna um að hafa heimað að Austurbæjarbíói greiddi þeim bróðurpartinn af hagnaði vegna sýningar myndarinnar. Lauk frétt Morgunblaðsins á þeim orðum að mótmælendur hefðu, eftir brottvisun lögreglu, haldið til fundar að Tjarnargötu 20. Máttu þá lesendur vita hvað klukkan sló, enda alkunna að þar væri Æskulýðsfylkingin til húsa.

Tónninn í Þjóðviljanum var talsvert á annan veg. Þann 14. október, daginn eftir frumsýningu kvikmyndarinnar sló blaðið upp forsiðufyrirsögninni „Austurbæjarbíói býður upp á morð til dægurstytt-



Morð til dægurstyttingar

ingar“. Sagði blaðið að sýningum myndarinnar hefði verið hætt víða um lönd vegna kröftugra mótmæla almennings. Þar væri sérstaklega fundið að því að reynt væri að gera manndráp bandarískra hermanna að skemmtiatriði og að á einum stað í myndinni hlægju áhorfendur þegar menn úr Þjóðfrelsisher Vietnam væru myrtir.

Grimulaus áróður

Næstu daga stóðu félagar úr Vietnamnefndinni og Fylkingunni fyrir mótmælum við Austurbæjarbíói,

sem einkum fólust þó í að afhenda bíogestum dreifirit sem ætlað var að vekja þá til umhugsunar um eðli og gang stríðsins.

Dreifiritið var í raun krossapróf og voru þau sem það tóku hvött til að senda svörin til Vietnamnefndarinnar, Kirkjustræti 10, og yrðu veitt þrenn verðlaun fyrir réttar úrlausnir. Kennið ýmissa grasa á spurningalistanum: „Af hverju hafa Bandaríkin ekki unnið stríðið í Viet Nam eftir 12 ára baráttu? a) Bandaríkin hafa léleg vopn. b) Bandarískir hermenn eru huglausir. c) Þjóðfrelsisherfinginn (sem Bandaríkin kalla Viet Cong) hefur megnið af þjóðinni með sér.“

Vietnamnefndin gaf ekki mikið fyrir nýlegar friðartillögur Nixons og spurði hvers vegna hann hefði lagt þær fram fram. Valkostirnir voru sem fyrr þeir: „a) Til að dylja aukin umsvif herja sinna í Viet Nam og víðar? b) Til að vingast við Jóhann Hafstein? c) Til þess að lagfæra hægðir sínar og konu sinnar?“

Nokkrum dögum síðar ritadi kvikmyndasérfræðingurinn Ólafur H. Torfason langa grein í Þjóðviljanum um *The Green Berets* (ísl.: Grænhúfurnar) og raunar stríðsmyndir almennt. Byggði greinin á ræðu Ólafs á útifundi Vietnamnefndarinnar á Lækjartorgi sem haldinn var gegn sýningum myndarinnar. Benti hann á að kvikmyndin væri hreint áróðursverk og í raun mætti lita svo á að hún væri jafnskadleg og ef einhver tæki upp á því að selja napalm og taugagas í verslun til að nota gegn samborgurum sínum. Blés höfundur á ummæli bíóforstjórans þess efnis að hann léti ekki pólitísk sjónarmið ráða myndavali sínu – því augljóslega væri það rammpólitísk afstaða íslenskra kvikmyndahúsaforstjóra að 60% af myndum þeirra væru

bandarískar og seldar undir stranga ritskodun valdafla þar í landi.

Með blessun forsetans

Hver var þessi umdeilda bíómynd sem vakti svo heitar tilfinningar hér á landi? Myndin um Grænhúfurnar var ekki ný þegar íslenskir áhorfendur fengu að berja hana augum. Hún var frumsýnd sumarið 1968 og var því meira en tveggja ára gömul. Slikt var alvanalegt á þessum árum.

Verkið var hugarsmið Johns Wayne, sem lék aðalhlutverkið og átti að heita leikstjóri myndarinnar. Mikill kostnaður og takmörkuð aðsókn á myndina *The Alamo*, sem var frumraun Wayne á leikstjórasviðinu gerði það þó að verum að kvikmyndaverið ákvað að treysta honum ekki einum fyrir stjórninni.

John Wayne var kunnastur fyrir leik sinn sem hetja í vestra-myndum, en átti einnig að baki ófáar myndir þar sem söguviðið var seinni heimsstyrjöldin. Heimsstyrjaldarmyndirnar byggðust á einfaldri formúlu, þar sem hjartahreindir og hugdjarfir bandarískir hermenn sigra djöfullaga Japana og þýska sadista í sögum þar sem heimurinn var algjörlega svart-hvitur.

Engar Hollywood-myndir höfðu hins vegar verið gerðar um Vietnamstríðið og úr því vildi John Wayne bæta. Í hans huga voru skilin á milli vondu og góðu kallanna jafnskýr í Vietnam og verið hafði í heimsstyrjöldinni. Það að frjálslýndir og vinstri-sinnaðir kvikmyndaforkólfar vildu ekki fjalla um stríðið í Vietnam taldi hann áráð á bandaríska herinn og þann góða málstað sem Bandaríkjaforstjórn hefði að verja. Í raun má segja að kúrekahetjan gamla hafi litið á það sem borgaralega skyldu sína að gera myndina um Grænhúfurnar.

Til að þoka málinu áleiðis ákvað John Wayne að tala beint við aðalmanninn – sjálfan Bandaríkjaforseta. Hann skrifaði Lyndon B. Johnson persónulegt bréf og lýsti vilja sínum til að gera mynd til dýrðar sérveitarmönnum Bandaríkjahers. Hugmynd hans var að byggja á skáldsögu eftir Robin Moore, *The Green Berets*, frá árinu 1965 sem fjallar um afrek sérveitarmanna í Vietnamstríðinu. Árið eftir hafði Moore komið að því að semja dægurlagatextann „Ballad of the Green Berets“, sem var eitt örfár vinsælla dægurlaga frá þessum árum sem sýndi stríðsreksturinn í jákvæðu ljósi og átti þátt í að kynna almenning fyrir Grænhúfunum.

Hvíta húsið tók hugmyndinni fagnandi. Þó með því veigamikla skilyrði að handriti myndarinnar yrði gjörbreytt. Í bók Moore var sagt frá æsilegum leiðangri Grænhúfherdeildar inn í Norður-Vietnam til að handsama hættulegan skæru-liðaforingja. Þar sem hin opinbera lína Bandaríkjamanna var á þá leið að þátttaka þeirra í stríðinu væri að mestu innan landamæra Suður-Vietnams þurfti að endurskoða söguna frá grunni, en ekki vafðist það fyrir Wayne og félagum.

Freyðivín í frumskóginum

Forsetinn lofaði fullu liðsinni og fyrir vikið fengu kvikmyndagerðarmennirnir aðstoð frá ríki og her sem starfsbræður þeirra gátu ekki látið sig dreyma um. Herinn lagði til fjöldann allan af þyrilum og flugvélum fyrir upptökur. Myndefni af vettvangi stóð leikstjórnunni til boða. Sveit hermanna frá Havaí, sem þóttu nægilega austurlenskir yfirlitum, var sett í hlutverk vietnamskra skæru-liða og reist var heilt vietnamskt þorp á tókustað, sem síðar var notað sem æfingabúðir fyrir hermenn á leið í stríðið.

Tæknilega og útlitslega séð var myndin um Grænhúfurnar því afar fullkomin. Sem bíómynd var hún hins vegar afleitt. Áróðurinn var grímulaus, handritið veikburða, fléttan léleg og meira að segja sem hasarmynd reyndist hún langdregin og slöpp.

Í stuttu máli hefst myndin á því að ungur og róttækur blaðamaður spyr gamlan herforingja erfðra spurninga um stríðið í Vietnam. Blaðamaðurinn ungi er uppfullur af fordómum í garð eigin hers og utanríkisstefnu þjóðar sinnar. Hermaðurinn gamalreynði svarar honum fullum hálsi og spyr hvort hann hafi komið til Vietnam. Blaðamaðurinn viðurkennir að svo sé ekki og þekktir boð um að slást í för með Grænhúfunum.

Í Vietnam rennur upp fyrir óþjóðholla blaðamanninum hvílikar hetjur og afburðamenn sé að finna í sérsvitunum. Andstæðingarnir í Vietkong eru á hinn bóginn fávísir hrottar og foringjar þeirra reynast lífa lúxuslífi í frumskóginum þar sem þeir stunda gjálífi og úða í sig kampavini og kaviar. Svo fer að lokum að blaðamaðurinn sér ljósið og gerist hermaður til að þjóna landi og þjóð.

Kvikmyndagagnrýnendur hökkuðu Grænhúfurnar í spað, sem groddalega áróðursmynd og í raun ótrúlega gamaldags. Enn í dag ratar myndin stundum á lista yfir verstu stórmyndir í sögu Hollywood. Aðrir benda þó á að í raun sé myndin ekkert grynri eða einvíðari en fjölmargar heimsstyrjaldarmyndir sem gerðar voru um sama leyti – glæpur hennar liggja einfaldlega í að óvinirnir séu Vietnamar en ekki Japanar þrjátíu árum fyrr.

En neikvæð gagnrýni er ekki alltaf ávisun á slaka aðsókn. Svo virðist sem stuðningsmenn Vietnamstríðsins vestanhafs hafi fjölmennt á myndina einmitt vegna hinna neikvæðu dóma, sem þeir kusu að túlka sem gagnrýni á stríðið sjálft fremur en verkið. Að sumu leyti má segja að slíkt hið sama hafi gerst hér á landi. Þannig var spurning dagsins í Vísi þann 17. október 1970 á þá leið hvort vegfarendur ætluðu að sjá Grænhúfurnar í Austurbæjarbíói. Sögðust fjórir af fimm frekar reikna með að gera það – þar af tveir sem sögðust vilja sjá hverju Vietnamnefndin væri að mótmæla.

60+ m/Gunnari Svanlaugs

TENERIFE

11. apríl í 14 nætur / 21 nótt

Frá kr.
179.995
m/hálft fæði
Hotel La Siesta 4*

Ertu á
besta
aldri?

Heimsferðir

Heilsa

Kynningar: Hilton Reykjavík Spa, Artasan, Kælitækni, TrainStation, Grandi101, Reebok, Mjólkursamsalan, Mamma veit best, Icepharma, Primal Iceland, Heilsuborg, Núvitundarsetrið, Saga Medica

LAUGARDAGUR 30. DESEMBER



Fjölbreyttir yogatímar hjá Hilton Reykjavík Spa

Hilton Reykjavík Spa er heilsulind sem veitir fyrsta flokks þjónustu í afslöppuðu og fallegu umhverfi. Meðal þess sem boðið er upp á eru fjölbreyttir yogatímar undir handleiðslu fagmenntaðra kennara með langa reynslu og þekkingu. ➔2



Patrick J. Chiarolanio hefur langa reynslu sem þjálfari. Hann aðstoðar meðlimi Hilton Spa í tækjasalnum.

Hjá Hilton Reykjavík Spa er lögð áhersla á að veita persónulega og góða þjónustu fyrir líkama og sál. Fyrir utan glæsilega líkamsræktaraðstöðuna er boðið upp á spa, snyrtistofu og nudd hjá Hilton.

Þóra Hlín Friðriksdóttir hefur kennt yoga hjá Hilton Reykjavík Spa síðastliðin sjö ár, ásamt því að vera menntaður hjúkrunarfræðingur. Hún segir Hilton Spa bjóða yogaiðkendum nýjung eftir áramótin en þá verður boðið upp á sérstök klippikort fyrir fólk sem vill eingöngu koma og æfa yoga í stöðinni. „Klippikortin eru nýjung hjá okkur en þau fela í sér aðgang að hátt í tíu fjölbreyttum yogatímum á viku. Í boði er fjölbreytt úrval af yoga og má þar til dæmis nefna Vinyasa yoga, YogaCore með áherslu á kvið og bakvöðva, Hot Yoga, Hlýtt Yoga og Hot Yoga sculpt þar sem notuð eru lóð.

Í Hot Yoga er æft í fullbúnum upphituum sal,“ segir Þóra Hlín og bætir við að allir yogatímar sem í boði eru henti öllum, bæði byrjendum og lengra komnum. „Yogaiðkun er fyrir alla og ekki þarf að vera með ákveðinn liðleika, styrk eða færni til að mæta til okkar á mottuna. Aðalatriðið er að mæta og upplifa þann margþætta ávinning sem yogatímarnir fela í sér. Hver og einn mætir þannig á sínum eigin forsendum,“ segir hún.

Þóra Hlín segir að allir yogatímar séu í raun jafnvinsælir. „Fólk mætir jafnt í heita tíma og þá hefðbundnu. Við bjóðum upp á morguntíma kl. 9.30 og síðdegistíma. Þá eru mjög vinsælir tímar á laugardagsmorgnum og sunnudögum. Við erum með fjölbreytt úrval af yogatímum alla daga vikunnar.“

Þóra Hlín segir að klippikortið í yoga feli ekki í sér aðgang að heilsulindinni, það er heitum pottum og herðanuddi. Í staðinn er verðinu stillt í hóf, eða 19.900 krónur. „Klippikortið er eingöngu fyrir



yoga og gildir í þrjá mánuði,“ segir hún. „Yogatímarnir njóta vaxandi vinsælda hjá okkur. Við höfum því fjölgað tímum jafnt og þétt og bætt við framúrskarandi kennarahópinn okkar. Við yogaiðkun upplifir fólk fljótlega mun á líkamlegri og andlegri heilsu, orku og vellíðan. Liðleiki og styrkur eykst, sem og andlegt jafnvægi og dýpri ró í daglegu lífi svo fátt eitt sé nefnt.


Maður græðir allt á því að stunda yoga,“ segir Þóra Hlín, sem hefur iðkað Ashtanga yoga síðastliðin

átján ár.

Þá má líka benda á að Hilton Reykjavík Spa er heimilisleg stöð sem fólk tekur ástföstri við og kallar jafnvel sitt annað heimili. „Þetta er lítil og fullkomlega búin stöð þar sem fólk liður vel,“ segir hún.

Hjá Hilton Reykjavík Spa er unnið með heilsu líkama og sálar. Meðlimir stöðvarinnar fá aðgang að líkamsræktarþjálfara í tækjasal sem útbýr sérsníðna æfingaáætlun fyrir hvern og einn. Þá er heilsulind þar sem boðið er upp á herðanudd

Þóra Hlín segir að yoga sé fyrir alla. Mikil aukning hefur verið í yogatímum hjá Hilton Spa að undanförunu og nú verður boðið upp á klippikort. MYNDIR/EYÞÓR



Í Hilton Reykjavík Spa er persónuleg og góð þjónusta í fallegu umhverfi.

í heitum pottum og handklæði við hverja komu. Í spa-aðstöðunni eru þrjú heitir pottar, kaldur pottur, vatnsgufur, slökunarlaug og sauna. Þá eru í boði frábærar nudd- og snyrtimeðferðir.

Eftir áramótin fara aftur í gang vinsæl 100 daga lífsstílsnámskeið undir handleiðslu næringarfræðings og þjálfara og hefst það fyrsta 8. janúar. Frábært námskeið fyrir þá sem vilja aðhalda í mataræði og líkamsrækt. Þá verður einnig námskeið fyrir 60 ára og eldri

sem hefst 16. janúar. Skemmtilegir tímar sem sníðnir eru fyrir þá eldri til að styrkja þol, jafnvægi og auka lífsgæði.

Hilton Reykjavík Spa er fyrsta flokks heilsurækt á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu og býður upp á allt það besta sem völ er á þegar kemur að líkams- og heilsurækt.

Nánar er hægt að skoða líkamsrækt, námskeið og meðferðir á heimasíðunni www.hiltonreykjavikspa.is

Nýtt ár Nýtt upphaf



 localsalad.is  [localsalad](https://www.facebook.com/localsalad)  [localsalad](https://www.instagram.com/localsalad)

Borgartún 25 | Smáralind | Kringlan | Reykjavíkurvegi 62

local

Skammdegið angrar marga

Kristján Helgi Hjartarson hefur hjálpað fólki með skammdegisþunglyndi. Hann segir að það séu til góð ráð gegn einkennunum og meðferð í boði ef ráðin duga ekki.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is



Kristján Helgi Hjartarson, sálfræðingur hjá Sálfræðingunum Lynghálsi, sérhæfir sig í meðferð þunglyndis og kvíðaraskana. Kristján hefur nokkur góð ráð til að vinna gegn einkennum skammdegisþunglyndis og bendir á að það séu meðferðarleiðir í boði fyrir þá sem góðu ráðin duga ekki fyrir.

„Á þessum árstíma er mjög algengt að fólk finni fyrir vægum breytingum í líkamstarfsemi, hegðun og líðan,“ segir Kristján. „Margir kvarta yfir auknu athafnaleysi, meiri löngun í kolvetnisríka fæðu, þörf fyrir meiri svefn til að hvílast almennilega og fleiru.“

Skammdegisþunglyndi er hins vegar tegund af þunglyndi sem einkennist af mjög áberandi og hamlandi árstíðarsveiflum í líðan,“ segir Kristján. „Fólk finnur fyrir fyrir mjög hamlandi geðlægd á sama tíma og það fer að dimma úti. Einkennin rena svo með hækkandi sól að vori til, þegar dagurinn lengist á ný.“

Þeir sem eru þunglyndir að staðaldrí finna líka oft einkennin versna á þessum tíma árs, bæði vegna aukins álags og skammdegisins,“ segir Kristján.

Orsökinn ekki þekkt

„Depurð, vanlíðan, áhuga- og gleðileysi, mikil þreyta og orkuleysi eru mjög algeng einkenni, ásamt aukinni svefnþörf og matarlyst,“ segir Kristján. „Orsakir skammdegisþunglyndis eru ekki alveg þekktar en aðal hugmyndin er sú að minnkandi dagsbirta valdi

Guðfinnur brosir þegar hann er spurður hvort hann hafi alltaf haft þörf fyrir að hreyfa sig. „Nei, ég var þybbinn sem krakki og hefur alltaf þótt matur góður og þykir enn. Það var ekki fyrr en ég fór að hreyfa mig reglulega að ég fór að hafa gaman af því og núna er hreyfing hluti af mínum lífsstíl. Það hefur komið mér mest á óvart hvað mér finnst skemmtilegt að hreyfa mig og hvað ég hef enst lengi í þessu.“

ÞÉ

LAUGARDAGUR 30. DESEMBER 2017

Helgin

Ætlaði aldrei að verða kokkur



James Frederick Frigge fékk áhuga á matseld seint en er nú orðinn yfirkokkur á veitingastaðnum Burro Tapas + Steaks. Hann segir starfið mjög skemmtilegt og gefandi og láti tímann líða ótrúlega hratt. ➔2

James er kominn langt þrátt fyrir stuttan starfsaldur. MYND/ANTON BRINK



BORÐAÐIR ÞÚ Á ÞIG GAT?

Settu þér markmið og skartaðu þínu fegursta á ströndinni í sumar. Ný námskeið hefst í janúar – engin binding!

Sjö stöðvar · Þrjár sunnlaugar · reebokfitness.is

Reebok
FITNESS



James Frederick Frigge slysaðist hálfpartinn inn í veitingabransann en gæti ekki verið ánægðari. MYND/ANTON BRINK



VEISTU HVER ÉG VAR?



Hressir viðmælendur á línunni og 80s tónlist er númer 1, 2 og 3 hjá Sigga Hlö.

ALLA LAUGARDAGA
MILLI 16:00 OG 18:30.

BYLGJAN
989

Oddur Freyr Þorsteinsson

oddurfreyr@365.is



James Frederick Frigge ætlaði aldrei að verða kokkur en fékk áhuga á að elda þegar hann vann sem aðstoðarmaður í eldhúsi. Hann segist hálfpartinn hafa slystast inn í veitingabransann en það sé ein besta ákvörðun sem hann hafi tekið. Þrátt fyrir að það séu minna en tvö ár síðan hann útskrifaðist úr náminu er hann þegar orðinn yfirkokkur á veitingastaðnum Burro Tapas + Steaks.

„Ég hef ekki alltaf haft áhuga á að elda,“ segir James. „Ég fór í líffræði í Háskóla Íslands en sá ekki fyrir mér að mig myndi langa að vinna við það í framtíðinni, þó það væri áhugavert að læra hana. Ég slysaðist eiginlega bara hálfpartinn inn í þennan bransa. Ég byrjaði að vinna sem aðstoðarmaður í eldhúsi og þar fékk ég áhuga og ákvað að leggja þetta fyrir mig. Það var mjög auðveld ákvörðun þegar áhuginn kviknaði. Þetta er mjög gefandi starf að mörgu leyti, maður fær útrás fyrir skipulagspervertisma, sköpunargáfu og svo fær maður afraksturinn af verkinu strax.“

Frábær reynsla í Danmörku

„Námið tók á, það er ekki það auðveldasta í heimi að vera nemi, maður þarf að vinna sig upp frá grunni í rauninni,“ segir James. „En um leið og maður var kominn eitt eða tvö ár inn í námið var maður virkilega farinn að sjá allt smella saman einhvern veginn. Maður heldur samt alltaf áfram að læra í þessum bransa, þótt maður sé útskrifaður.“

„Þetta er mjög gefandi starf að mörgu leyti, maður fær útrás fyrir skipulagspervertisma, sköpunargáfu og svo fær maður afraksturinn af verkinu strax.“

Ég var í starfsnáminu í fjögur ár en svo um leið og ég útskrifaðist fór ég til Danmerkur,“ segir James. „Ég fékk styrk hjá Iðunni til að fara og vinna á þriðja besta stað Danmerkur, sem heitir Mielcke & Hurtigkarl. Iðan hjálpaði mér að fá styrk hjá Erasmus, en þeir halda utan um þessa styrki.“

Ég vissi að ég vildi fara á þennan stað því yfirkokkurinn kom á veitingastaðinn minn á Food & Fun hátíðinni og ég var rosalega hrifinn af því hvað hann gerði,“ segir James. „Mig langaði að fara og skoða hvernig væri að vinna hjá þeim, því maturinn hjá þeim var klikkaður og metnaðurinn var alveg í botni. Ég var hjá þeim í tvo mánuði launalaust, en út af því að ég fékk þennan styrk var það ekkert mál. Þetta var frábær reynsla. Svo kom ég aftur heim og vann á tveimur stöðum áður en ég færði mig yfir á Burro í apríl.“

Síðan, þegar gamli yfirkokkurinn hér fór, tók ég og hinn vaktstjórinn við af honum,“ segir James. „Okkur var boðið þetta og við ákváðum bara á kýla á það. Þannig að þetta datt svolítið upp í hendurnar á mér. Það er mjög gaman og frábært að fá að taka þátt í að móta matseðilinn.“

Sous vide stundum ofnotað

James segir að sous vide eldunar aðferðin sem hefur slegið í gegn sé góð að mörgu leyti en henti ekki í allt. „Það hentar sumu kjöti vel og þetta hefur þann kost að það er auðvelt að hafa kjötið alltaf eins. En ég hef séð fólk taka þetta alltof langt og nota þessa aðferð þar sem hún á ekki við, eins og til dæmis á hamburgara, sem er bara tóm tjara. Það þarf líka að hafa alls kyns hreinlætisatriði og smáatriði á hreinu, sem almenningur þekkir kannski ekki alltaf nógu vel, til að leika sér með svona lagað.“

Gerði núðlur úr smokkfiski

James hefur unnið á stöðum sem eru óhræddir við að prófa nýja hluti. „Á Mielcke vorum við með smárétt sem var nokkurn veginn eins og núðlusúpa, nema í staðinn fyrir núðlur tókum við hráan

„Ég slysaðist eiginlega bara hálfpartinn inn í þennan bransa. Ég byrjaði að vinna sem aðstoðarmaður í eldhúsi og þar fékk ég áhuga og ákvað að leggja þetta fyrir mig. Það var mjög auðveld ákvörðun þegar áhuginn kviknaði.“

smokkfisk og unnum hann þannig að áferðin varð eins og núðlur, þannig að við gerðum smokkfisknúðlur sem voru bornar fram með frosnum ramen-grunni. Þetta var mjög skríttinn réttur en heppnaðist rosalega vel og var skemmtilegur,“ segir James.

Uppáhaldsréttirnir hans eru þó jarðbundnari. „Heima er ég mjög mikið fyrir að elda rauðar pasta-sósur, það er uppáhalds þægindamaturinn minn,“ segir James. „En í vinnunni þá er eiginlega ekkert sem jafnast á við að taka kjötbíta frá grunni, pönnusteikja hann í freyðandi smjöri með fullt af jurtum og klára hann svo í röglegheitum inni í ofni. Það krefst eiginlega mestrar tækni og er skemmtilegast.“

James segist hafa eitt ráð í eldhúsinu sem allir geta tileinkað sér. „Það er eitt grundvallaratriði sem ég myndi mæla með að fólk passi. Það er að vera skipulagður,“ segir hann. „Vertu búinn að taka allt til áður en þú byrjar og reyndu að vita í hvaða röð þú ætlar að gera hlutina svo þú getir nýtt tímann sem best.“

James mælir mikið með kokkastarfinu. „Ég veit að þetta er ekki starf fyrir alla, en ef það er einhver áhugi á að prófa þetta mæli ég með að gera það,“ segir hann. „Fjögur ár eru mjög fljót að líða um leið og þú ert kominn inn í þetta. Mér líður eiginlega eins og ég hafi byrjað í þessu fagi í gær. Þetta er mjög skemmtilegt og gefandi og eiginlega bara besta ákvörðun sem ég hef tekið.“



Vantar starfsmann í fast starf til viðhalds eldsneytisafgreiðslutækja á Keflavíkurflugvelli.

Fjölbreytt starf við eftirlit og viðgerðir á bílum og búnaði. Meirapróf kostur en ekki skilyrði. Hreint sakavottorð og íslenskukunnátta er skilyrði. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af viðgerðum og verkstæðisvinnu.

Upplýsingar og umsóknir sendast á melkorka@eak.is
Umsóknarfrestur er til og með 15. Janúar 2018



EAK ehf.

Aviation Fuel Service– Keflavík Airport Iceland

Kópavogsbær óskar eftir aðstoðarbyggingarfulltrúa

Aðstoðarbyggingarfulltrúi annast yfirferð allra sérteikninga, hönnunargagna og tryggir að þau séu í samræmi við byggingarreglugerð. Einnig annast hann öryggis- og lokaúttektir.

Helstu verkefni

- Annast yfirferð sérteikninga, hönnunargagna í samræmi við byggingarreglugerð, staðla og áritun þeirra.
- Annast öryggis- og lokaúttektir.
- Annast samskipti við eldvarnar- og heilbrigðiseftirlit.
- Sér um skráningu þeirra gagna sem þarfnast undirritunar byggingarstjóra, iðnmeistara og aðstoðar þá við ferlið.
- Veitir aðstoð við áfanga- og stöðuúttektir.
- Sér um skönnun teikninga, gagna og skráningu.
- Er staðgengill byggingarfulltrúa þegar hann er fjarverandi.
- Annast almenna upplýsingagjöf varðandi byggingarmál.

Menntunar- og hæfniskröfur

- BS-gráða í verk- eða tæknifræði á byggingarsviði.
- Löggildur mannvirkjahönnuður.
- Viðtæk og góð reynsla af byggingarmálum.
- Reynsla í opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Góð þekking og færni í Word og Excel.
- Þekking á AutoCAD æskileg.
- Kunnátta í skjalavistunarkerfi ONE æskileg.
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagsfærni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Frekari upplýsingar

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi háskólafélags.

Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar 2018.

Upplýsingar veitir Valdimar Gunnarsson byggingarfulltrúi í síma 441-0000 eða í tölvupósti valdimarg@kopavogur.is

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið

Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

Hugbúnaðargerð – mikil tækifæri

Erum með áhugaverð störf í boði fyrir háskólamenntaða hugbúnaðarsérfræðinga sem hafa náð góðum árangri í forritun. Mikil tækifæri í boði.

Sjá nánar á www.intellecta.is

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is



Starfsfólk Intellecta óskar þér og þínum gleðilegra jóla, árs og friðar

Með kærri þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

Príund

Matreiðslumaður óskast

Óskum eftir matreiðslumanni í fullt starf. Viðkomandi þarf að hafa reynslu, frumkvæði, drifkraft og eiga gott með að vinna með fólki. Góð laun eru í boði fyrir réttan aðila. Príund hf er traust, gamalgróid og framsækið fyrirtæki með metnaðarfulla framtíðarsýn.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist til Sveinbjörns Friðjónssonar framkvæmdastjóra eldhúsa Príundar fyrir 15. janúar. Netfang: sf21@simnet.is allar upplýsingar í síma 695-9950

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Vélskömmun lyfja

Lyfjaver óskar eftir að ráða starfsmann í vélskömmun og gæðaeftirlit. Viðkomandi þarf að vera heilsuhausur, snyrtilegur, reglusamur, nákvæmur og samvirkusamur og hafa hreint sakavottorð.

Kostir ef viðkomandi hefur:

- Reynslu af vinnu við lyfjaframleiðslu
- Reynslu/áhuga á vinnu skv. gæðaeftirlit
- Góða almenna tækni- og tölvukunnáttu

Æskilegt er að viðkomandi hafi náð a.m.k. 20 ára aldri og geti unnið yfirvinnu á álagstímum.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á alli@lyfjaver.is fyrir 10. janúar. Nánari upplýsingar í síma 895-3466.

LYFJEVER

LÆKKAÐU LYFJAKOSTNAÐINN

Opið: Virka daga 8.30-18.00 - Laugardaga 10-14
Suðurlandsbraut 22 + Sími 533 6100

Hefur þú kíkt á Job.is?

job.is vísir

Sölumaður Mercedes-Benz vörubíla

Bílaumboðið Askja óskar eftir að ráða jákvæðan og drífandi aðila í starf sölumanns Mercedes-Benz vörubíla.



Ábyrgð og verkefni

- Sala á nýjum Mercedes-Benz vörubílum og ráðgjöf til viðskiptavina
- Samskipti við framleiðendur
- Tilboðsgerð og frágangur á skjölum
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Mikill áhugi á vörubílum
- Reynsla eða menntun sem nýtist í starfi
- Góð ensku- og tölvukunnáttu
- Áhugi á tækninýjungum
- Sjálfstæð vinnubrögð, metnaður og fagmennska
- Rík þjónustulund, skipulag og samningatækni
- Aukin ökuréttindi eru æskileg

Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00 - 17:00 auk tilfallandi yfirvinnu. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um starfið.

Eingöngu er tekið við umsóknum á heimasíðu Öskju, www.askja.is/atvinna.

Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar 2018.

Nánari upplýsingar veitir Erla Sýlvía Guðjónsdóttir, mannauðsstjóri Öskju, á netfanginu esg@askja.is

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og Kia á Íslandi.



Reykjavík Excursions

VAGNSTJÓRI

Kynnisferðir óska eftir ábyrgum einstaklingum með ríka þjónustulund í starf vagnstjóra.

Um er að ræða 100% störf í vaktavinnu og hlutastörf.

STARFSSVIÐ

- Akstur vagna samkvæmt vinnuáætlun.
- Þjónusta við farþega.
- Umsjón og umhirda vagna.
- Vinna eftir umhverfis-, öryggis- og gæðastöðlum fyrirtæksins.

MENNTUNAR- & HÆFNISKRÖFUR

- Aukin ökuréttindi D.
- Hreint sakavottorð.
- Íslensku- og/eða enskukunnáttu.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir Karl Emilsson, karle@re.is.

Eingöngu er tekið á móti umsóknum rafrænt á jobs.re.is ásamt ferilskrá, kynningarbréfi og mynd. Nánari upplýsingar um störf og hæfniskröfur er að finna á umsóknarsíðu. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Reykjavík Excursions-Kynnisferðir er öflugt ferðaþjónustufyrirtæki með um 500 starfsmenn. Við erum leiðandi í skipulagningu og rekstri dagsferða með erlenda og innlenda ferðamenn um Ísland. Hjú okkur starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur sig fram við að veita framúrskarandi þjónustu.

CITY BUS DRIVER

Kynnisferðir are looking for responsible and service minded individuals to work as city bus drivers.

We offer full and part time jobs.

JOB DESCRIPTION

- Drive vehicles and assist passengers.
- Daily supervision and cleanliness of vehicles.
- Work according to environmental, safety and quality standards.

QUALIFICATIONS

- Valid driver's licence D.
- Clean criminal record.
- Speak Icelandic and/or English.
- Be service minded and have good human relation skills.

For further information please contact Karl Emilsson, karle@re.is

Applications should be sent online via jobs.re.is along with a CV, introduction letter and a photo. Further information about the job and qualifications is to be found on the application site. Women as well as men are urged to apply.

Reykjavík Excursions - Kynnisferðir is one of the leading companies in tourism in Iceland. The company has approximately 500 employees in various divisions, who are enthusiastic and well trained in their field, so best to provide clients with outstanding customer service.

S4S LEITAR AÐ

SKEMMTILEGU OG METNAÐARFULLU FÓLKI

ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR? VIÐ LEITUM AÐ FÓLKI Á ÖLLUM ALDRI TIL AÐ VERA PARTUR AF FJÖRUGRI OG ÖFLUGRI LIÐSHEILD HJÁ FLOTTU FYRIRTÆKI.

VIÐ ÓSKUM EFTIR STARFSMÖNNUM Í:

Kaupfélagið í Smáralind

Fullt starf (11-19) og hlutastarf (13-19).

Steinar Waage í Kringlu

Helgarstarf, önnur hver helgi og annar hvor föstudagur og sunnudagur.

Helstu verkefni

Sala og þjónusta við viðskiptavinum

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunar- og þjónustustarfi er æskileg en ekki nauðsynleg
- Góð almenn tölvukunnáttu
- Framúrskarandi þjónustulund
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknir berist fyrir 10. janúar 2018 á

Kaupfélagið - kfs@s4s.is

Steinar Waage - swk@s4s.is

Kaupfélagið

Kringlan - Smáralind

STEINAR WAAGE

SKÓVERSLUN



S4S hefur verið í topp 5 yfir fyrirmýndarfyrirtæki hjá VR síðustu 3 ár í flokki stórra fyrirtækja.

s4s



EMS 582904

Kynnisferðir - Reykjavík Excursions
Umferðarmiðstöðin BSÍ • 101 Reykjavík • ☎ 580 5400 • www.re.is

Seðlaver

Framkvæmdastjóri



Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn leita eftir framkvæmdastjóra til að stýra starfsemi sameiginlegs seðlavers bankanna. Um er að ræða sjálfstætt félag þar sem helstu verkefni eru að annast móttöku, talningu og dreifingu seðla og mynta.

Umsóknarfrestur

10. janúar

Starfssvið

- Ábyrgð á daglegum rekstri
- Stjórnun starfsmanna og uppbygging fyrirtækjamenningar
- Samræming verkferla, vinnubragða og stjórnun breytinga
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Samskipti við viðskiptavini, eftirlitsaðila og hagaðila
- Eftirfylgni með stefnu og ákvörðunum stjórnar

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/6217

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri er skilyrði
- Reynsla af breytingastjórnun er æskileg
- Reynsla af ferlavinnu og straumlínustjórnun er æskileg
- Reynsla af bankastarfsemi er kostur
- Leiðtogaþæfni og afburða færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og lausnamiðuð hugsun

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

Reykjagarður hf var stofnað 1971 og felst sérhæfing fyrirtækisins í framleiðslu og sölu á alifuglaafurðum, einkum undir vörumerkjum **Holta** og **Kjörfugls**. Hjá fyrirtækinu, sem er í 100% eigu Sláturfélags Suðurlands, starfa um 110 starfsmenn við hin fjölbreytilegustu verkefni við að framleiða gæðamatvörur.

Sölufulltrúi

Reykjagarður óskar eftir að ráða öflugan sölufulltrúa á fyrirtækjasvið sem fyrst.

Starfslýsing:

- öflun nýrra viðskiptavina
- samskipti og heimsóknir til núverandi viðskiptavina
- gerð söluáætlana
- þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina á HOREKA markaði

Hæfniskröfur:


- menntun og/eða góð reynsla í matvælageiranum er skilyrði
- þekking á fyrirtækja- og mótuneytismarkaði stór kostur
- framúrskarandi söluhæfileikar er skilyrði
- góð hæfni í mannlegum samskiptum
- skipulögð vinnubrögð
- góð tölvukunnátta
- reglusemi og stundvísi

Nánari upplýsingar um starfið veita Hjalti H. Hjaltason, framkvæmdastjóri í síma 575 6011 eða netfang hjalti@ss.is og Þórhildur Þórhallsdóttir, starfsmannastjóri í síma 575 6030, netfang: thorhildur@ss.is.

Áhugasamir vinsamlega sækja um starfið á holta.is fyrir 8. janúar nk.

Holta

KJÚKLINGUR


www.holta.is

Vinnumálastofnun

Ráðgjafi á Suðurnesjum

Vinnumálastofnun óskar eftir að ráða ráðgjafa á þjónustuskrifstofuna í Reykjanesbæ. Ráðgjafi þjónustar atvinnuleitendur og atvinnurekendur með það að markmiði að vinna gegn atvinnuleysi. Í starfi sínu þarf ráðgjafi að geta beitt fjölbreyttum aðferðum og myndað tengsl við ólíka aðila til að vinna að hagsmunum atvinnuleitenda og atvinnulífs.

Leitað er eftir einstaklingi sem á auðvelt með að tileinka sér gildi Vinnumálastofnunar: Fyrirmyndarþjónusta; Virðing; Áreiðanleiki. Einnig þarf viðkomandi starfsmaður að vera tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni og búa yfir ríkri samskipta- og skipulagshæfni.

Helstu verkefni:

- Almenn ráðgjöf og vinnumiðlun.
- Ráðgjöf við náms- og starfsval.
- Skráningar og upplýsingamiðlun.
- Kynningar, starfsleitarfundir og námskeið.
- Koma á og viðhalda tengslum við fyrirtæki.
- Koma á og viðhalda tengslum við ólíka samstarfs- og hagsmunaaðila.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi s.s. á sviði náms- og starfsráðgjafa, félagsráðgjafa, eða önnur menntun á félagssviði.
- Reynsla af ráðgjöf og vinnumiðlun.
- Samskipta- og skipulagshæfni.
- Þekking af atvinnulífi svæðisins er æskileg.

Laun eru samkvæmt stofnanasamningi Vinnumálastofnunar og viðkomandi stéttarfélags.

Sækja skal um starfið á Starfatorgi: www.starfatorg.is. Starfið er með númerið 201712/1958

Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar 2017.

Nánari upplýsingar veita: Hildur Jakobína Gísladóttir, forstöðumaður og Vilmar Pétursson mannauðsstjóri í síma 515 4800 eða með fyrirspurn á netföngin hildur.gisladottir@vmst.is; vilmar.petursson@vmst.is;

Krifa hönnunarstela | www.krifa.is

Fyrirmyndarþjónusta

Virðing

Áreiðanleiki

Vinnumálastofnun Kringlunni 1, 103 Reykjavík Sími 515 480

www.vmst.is

ORBICON

Orbicon á Íslandi óskar eftir reyndum burðarþolshönnuði til að starfa á skrifstofu fyrirtækisins á Íslandi.


Fagstjóri burðarþolssviðs

Óskað er eftir aðila með tækni- eða verkfræðimenntun og minnst 5 ára reynslu í faginu ásamt reynslu í að vinna í Revit og með þrívíddarhönnun. Löggilding samkvæmt 25. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010 er ótvíræður kostur. Kunnátta í dönsku eða öðru norðurlandtungumáli auk ensku er skilyrði.

Viðkomandi mun leiða hóp af burðarþolshönnuðum sem vinna að verkefnum bæði á Íslandi og Grænlandi sem og taka þátt í þróun skrifstofunnar á Íslandi.

Fyrir frekari upplýsingar er hægt að hafa samband við Birkir Rútsson á birk@orbicon.is.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á info@orbicon.is ekki seinna en 22. janúar. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.



LAGERSTARFSMAÐUR HJÁ BRIMBORG

Brimborg leitar að traustum starfsmanni í framtíðarstarf á varahlutalager fyrirtækisins í Reykjavík. Lágmarksaldur 20 ár.

Gakktu í hóp góðra starfsmanna og sæktu um núna.

STUTT LÝSING Á STARFI

- Móttaka og upptaka vörusendinga
- Lagerþjónusta við sölumenn varahluta
- Þökkun og útsending varahluta til viðskiptavina
- Útkeyrsla varahluta til viðskiptavina
- Vörutalningar
- Önnur almenn lagerstörf

HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla af lagerstörfum eða menntun sem nýtist í starfi æskileg
- Heiðarleg og áreiðanleg vinnubrögð
- Almenn tölvuþekking
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Geta sýnt frumkvæði og unnið sjálfstætt
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar
- Góð þjónustulund
- Gilt bílpróf

Vinnutími er alla virka daga frá 08.00-17.10. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Sæktu um núna á brimborg.is. Umsóknarfrestur er til 6. janúar.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópfærðabíla og bátavéla. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleigumar Dollar og Thrifty eru hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.



Atvinna

Set röraverksmiðja

Afgreiðslustjóri

Set ehf. óskar eftir kraftmiklum afgreiðslustjóra til að stýra tiltekt og afgreiðslu á vörum fyrirtækisins. Um er að ræða framtíðarstarf hjá öflugum fyrirtæki sem starfar bæði á innlendum og erlendum markaði

Helstu viðfangsefni starfsins eru:

- Stýring afgreiðslu og útkeyrslu pantana.
- Rekstur vörustaðsetningarkerfis.
- Útskriftir og utanumhald pantana.
- Verkstjórn á lager.
- Samskipti við viðskiptavini og flutningsaðila.

Krafa er gerð um:

- Þekkingu á helstu tölvukerfum og reynslu af vörustaðsetningarkerfum.
- Samvirkusemi og snyrtimennsku.
- Gott viðmót og þjónustulund.
- Gott vald á Íslensku og ensku.
- Frumkvæði til verka.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn:

- Ferilskrá.
- Mynd af umsækjanda.

Áhugasamir sækji um fyrir 20. janúar nk. Eingöngu er tekið við umsóknum á vef Set; set.is/atvinna.

Set hefur vottað gæðakerfi skv. ISO 9001 og hefur hlotið viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki. Gott starfsumhverfi og mótuneyti er á staðnum.



Set ehf. | Eyravegur 41 | 800 Selfoss | Sími: 480 2700 | set@set.is | www.set.is

Lyfjafraeðingar óskast

Lyfjaver óskar eftir að ráða lyfjafraeðinga til fjölbreyttra starfa við vélskómmtnun o.fl. Viðkomandi þurfa að vera samviskusamir og skipulagðir og geta unnið undir álagi. Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á alli@lyfjaver.is fyrir 10. janúar. Allar fyrirspurnir og umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 895-3466



LÆKKAÐU LYFJAKOSTNAÐINN

Opið: Virka daga 8.30-18.00 - Laugardaga 10-14
Suðurlandsbraut 22 + Sími 533 6100

Laus störf hjá Kópavogsbæ

Leikskólar

- Aðstoðarmaður í eldhúsi á Sólhvörfum.
- Deildarstjóri á Austurkór.
- Deildarstjóri á Læk.
- Leikskólakennari á Baug.
- Leikskólakennari á Fífusölum.
- Leikskólakennari á Læk.
- Leikskólakennari á Núp.
- Leikskólakennari á Sólhvörfum.
- Leikskólakennari/leiðbeinandi á Austurkór.
- Leikskólakennari/þroskþjálfari á Grænatúni.
- Leikskólasérkennari, þroskþjálfari, ofl. á Marbakka.
- Leikskólasérkennari/þroskþjálfari á Austurkór.
- Matráður á Sólhvörfum.
- Matreiðslumaður á Rjúpnahæð.
- Sérkennari á Álfatúni.
- Starfsmaður í sérkennslu á Læk.
- Starfsmaður í skilastöðu á Núp.
- Þroskþjálfari á Læk.
- Þroskþjálfari, leikskólakennari á Fífusölum.

Grunnskólar

- Aðstoðarmaður í mötuneyti Salaskóla.
- Bókasafns og upplýsingafræðingur í Hörðuvallaskóla.
- Frístundaleiðbeinandi, stuðningsfulltrúi, tónmenntakennari og þroskþjálfari í Alfhólsskóla.
- Frístundaleiðbeinandi í Kársnesskóla.
- Frístundaleiðbeinendur á dægradvöl Salaskóla.
- Þroskþjálfari/sérkennari í Salaskóla.

Velferðarsvið

- Starfsmenn óskast á vinnustofur fyrir fatlað fólk.
- Þroskþjálfari í íbúðarkjarna.
- Starfsmenn í íbúðarkjarna.
- Starfsmenn á heimili fyrir fatlað fólk.

Annað

- Aðstoðarbyggingarfulltrúi hjá Kópavogsbæ.

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

kopavogur.is

DORMA auglýsir eftir sölufulltrúum í fullt starf.

- Ef þú ert eldri en 20 ára,
- hefur áhuga á heilsurúmum, húsgögnum og smávöru,
- ert góður sölumaður,
- átt gott með mannleg samskipti,
- ert stundvís og heiðarleg/ur,
- vilt vinna á líflegum og skemmtilegum vinnustað.

Sendu þá umsókn á netfangið
svava@dorma.is

Starfsferilskrá og meðmæli eru æskileg fylgigögn.

DORMA er með verslanir
í Holtagörðum og á Smáratorgi

DORMA

Láttu drauminn rætast

www.dorma.is

Bílstjóri óskast

ÓJ&K/SD óskar eftir hraustum
og drífandi bílstjóra í fullt starf

Starfið felur í sér að keyra vörur til
viðskiptavina. Þjónustulund, jákvæðni og
lipurð í almennum samskiptum nauðsyn.

Umsóknir sendist á: kjartan@ojk.is merkt **OJK/SD Akstur**
fyrir 12. jan. n.k.

Starfsmenn á lager

ÓJ&K/SD óskar einnig eftir hraustum
og duglegum starfsmönnum á lager.

Starfssvið og hæfniskröfur:

- Móttaka og frágangur á vörum í vöruhúsi
- Tiltekt og afgreiðsla á pöntunum
- Almenn lagerstörf
- Þjónustulund og lipurð í almennum samskiptum

ÓJ&K
Ó. Johnson & Kaaber ehf.

SD
Sölkeradreiing ehf.

Umsóknir sendist á:
kjartan@ojk.is
merkt **OJK/SD lager**
fyrir 12. jan. n.k.



Þú ert ráðin/n!

Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum

www.fastradningar.is

FAST
Ráðningar

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Skrifstofumaður í þinglýsingum	Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	Kópavogur	201712/1966
Stuðningsfulltrúi	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Mosfellsbær	201712/1965
Forstöðuhjúkrunarfræðingur	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201712/1964
Sérnámsstaða í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Akureyri	201712/1963
Sérnámsstaða í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201712/1962
Sérnámsstaða í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201712/1961
Framkvæmdastj. háskólaskrifst.	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201712/1960
Starfsmaður í ræstingu	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201712/1959
Ráðgjafi	Vinnumálastofnun	Reykjanesbær	201712/1958
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201712/1957
Ljós móðir	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201712/1956

KYNNINGARSTJÓRI FORLAGSINS

Ert þú hugmyndaþingur og skipulagður einstaklingur sem hefur áhuga á bókum? Við leitum að nýjum kynningarstjóra Forlagsins.

Viðkomandi þarf að hafa haldgóða reynslu af notkun samfélagsmiðla fyrir fyrirtæki, textaskrifum og og kynningarmálum, með góða íslenskukunnáttu og vera framúrskarandi í samskiptum.

Forlagið er líflegur vinnustaður með öflugan hóp starfsmanna.

Vinsamlegast sendið umsóknina á atvinna@forlagid.is fyrir 8. janúar 2018. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Pennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Ný og fersk störf á hverjum degi

job.is *visir*



Vallaskóli

Virðing - þekking - lífsgleði

Spennandi forstöðumannsstaða við frístundaheimilið Bifröst í Sveitarfélaginu Árborg

Hjá Vallaskóla á Selfossi er laus 100% staða forstöðumanns við frístundaheimilið Bifröst. Á Bifröst eru skráðir að jafnaði um 150 nemendur. Leitað er að metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi með háskólamenntun sem gagnast í starfi. Á frístundaheimilinu er boðið upp á fjölbreytt tómsundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur. Megináhersla í starfi frístundaheimilisins er fjölbreytt frístundastarf og frjáls leikur með börnum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón og ábyrgð á starfsemi frístundaheimilisins fyrir 6-9 ára börn
- Skipulagning starfsins í samráði við starfsfólk frístundaheimilisins
- Samskipti og samstarf, m.a. við foreldra
- Þátttaka í að móta stefnu og framtíðarsýn
- Umsjón með starfsmannamálum
- Umsjón og ábyrgð með rekstri frístundaheimilisins í samráði við skólastjórnendur

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólapróf á uppeldissviði; tómsunda- og félagsmálafræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af starfi með börnum
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulags- og stjórnunarhæfileikar
- Áhugi á frístundastarfi
- Fjölbreytt áhugasvið sem nýtist í starfi á frístundaheimili
- Færni í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta

Starfið er laust frá 3. janúar 2018.

Umsókn, ásamt ferilskrá og upplýsingum um umsagnaraðila, sendist Þorvaldi H. Gunnarssyni, skólastjóra, thorvaldur@vallaskoli.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. janúar 2018. Starfið hæfir jafnt konum sem körlum.

Laun fara eftir kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag.



GRINDAVÍKURBÆR

Útboð

Grindavíkurbær óskar eftir tilboðum í verkið „Íþróttamannvirki Grindavíkur“

Lauslegt yfirlit yfir verkið:

Um er að ræða viðbyggingu sem mun rísa norðan megin við núverandi íþróttahús. Byggingin mun verða 2130m² og mun hún skiptast upp í þrjú hluta.

1. Hæð mun innihalda forrymi sem tengir íþróttamiðstöð og tengigang við nýjan íþróttasal ásamt búninga- og stöðu, áhaldargeymslu, afgreiðslurými, ræstherbergi, stigagang og lyftu.
2. Hæð mun innihalda stigarými og lyftu ásamt fjölnotasal, salernisaðstöðu, lagnarými og stiga að þriðju hæð.
3. Tæknirými mun verða staðsett á þriðju hæð byggingarinnar.

Helsta uppbygging og efnisval:

Staðsteyptir sökkjar og botnplata, forsteyptar samloku einingar, gluggakerfi, staðsteyptir og gips innveggir, stáltrapiza, steinull og þakpappi í þök, léttir útveggir úr timbur einingum.

Helstu verkþættir eru:

- Jarðvinna
- Uppsetning burðarvirkis
- Lagnir og loftræsing
- Raf og öryggiskerfi
- Innanhússfrágangur
- Uppsetning búnaðar
- Utanhússfrágangur

Helstu stærðir íþróttarmannvirkis Grindavíkur:

	Uppbygging hæða		
•	1.hæð	1608,2 m ² Brúttó	14032,6 m ³
•	2.hæð	409,4 m ² Brúttó	1740,3 m ³
•	3.hæð	112,5 m ² Brúttó	395,0 m ³

Óskað er eftir verktökum með reynslu í sambærilegum verkum.

Upphaf verks er fimmtudagur 15. febrúar 2018

Áhugasamir sækja um útboðsgögn á netfanginu armann@grindavik.is og gefa upp nafn fyrirtækis og upplýsingar um tengilið. Gögn verða send út á rafrænu formi frá og með miðvikudeginum 3. Janúar 2018.

Bjóðendum er boðið til vettvangsskoðunar miðvikudaginn 14. janúar 2018, kl. 11:00 – 12:00 á Austurveg 1, Grindavík.

Tilboðsgjafar skulu vera búnir að skila inn tilboði eigi síðar en þriðjudaginn 23. janúar 2018, kl. 11:00.

ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- Háaleitisskóli Álftamýri 79 – Endurbætur utanhúss – Útboð nr. 14112.

Nánari upplýsingar er að finna á

www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg

Innkaupadeild

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is



Ertu í stuði?

Hófst þú nám í rafíðngrein, raf- eða rafvélavirkjun, rafveituvirkjun eða rafeindavirkjun en laukst því ekki?

Ertu að starfa við þær greinar þrátt fyrir að hafa ekki lokið sveinsprófi? Hefur þú hug á að ljúka því námi sem þú hófst?

Kynningarfundur verður á Stórhöfða 27 mánudaginn 8. janúar 2018 kl. 17:00. Gengið inn Grafarvogs megin.

“Ertu í stuði?” er verkefni sem ætlað er að finna leiðir til að meta þá færni sem þátttakendur hafa aflað sér í námi og starfi. Markmiðið er að þátttakendur ljúki sveinsprófi.

Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.rafnam.is - Raunfærnimat eða í síma 580 5256

ráðum
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

Suðurlandsbraut
heil húseign með byggingarrétti.



Til sölu 451 fm verslunar og skrifstofubygging á besta stað miðsvæðis við Laugardalinn. Byggingarréttur fyrir 2.hæðir ca 220 fm í viðbót ofaná. Aðliggjandi eign til sölu (sér) uppá 320 fm ef vöntun er á frekara plássí. Mögulegt pláss fyrir lyftu við inngang. Glæsilegt útsýni. Tilvalið fyrir margskonar starfsemi s.s. skrifstofu, þjónustu, hótélíbúða bygging og fl. Góð lofthæð. **Verð: Tilboð. Allar nánari upplýsingar veitir Ingólfur Gissurarson lögg.Fasteignasali S:896-5222 ingolfur@valholl.is**

Kringlan
Frábær fjárfestingakostur.



Vönduð 275 fm skrifstofuhæð s.t. efst í Kringlu-turninum. Skiptist í 3 leiguingar sem allar eru í útleigu. Næg bílastæði, tvær lyftur, frábært útsýni. Góðar leigutekjur. **Verð 98 millj. Uppl.veitir Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali S:896-5222 ingolfur@valholl.is**

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
Síðumúla 27, S: 588-4477

Ingólfur Gissurarson
lögilltur
fasteignasali



*Óskum viðskiptavinum okkar
og landsmönnum öllum farsældar
á nýju ári. Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.*

Starfsfólk Eignamiðlunar



 **EIGNAMIÐLUN**
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60
ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is



Nýtt ár er eins og óskrifað blað.

Raunhæf markmið reynast best

Nýtt ár er handan við hornið og margir sem strengja áramótaheit á þessum tímamótum. Oft felast þau í að hætta að reykja, drekka minna áfengi, komast í betra form eða elda hollari mat. Áramótaheitin eru góðra gjalda verð en oft renna þau út í sandinn, jafnvel á fyrstu vikum ársins. Þess vegna er gott að setja sér raunhæf markmið sem skila árangri til lengri tíma. Þau ættu ekki að vera of mörg og þau þarf að velja af gaumgæfni, helst ekki fleiri en þrjú. Ágætt er að byrja á að setja sér eitt markmið og bæta öðru við þegar því fyrsta hefur verið náð. Markmiðin þurfa að vera raunhæf og um leið krefjandi og ekki er verra ef þau eru mælanleg. T.d. fara þrisvar í viku út að ganga eða elda grænmetisrétt vikulega. Loks er gott að skrifa markmiðin niður og hafa þau á stað þar sem þau sjást, t.d. á ísskáphurðinni.



Gómsæt kalkúnabaka

Margir borða kalkún á gamlárskvöld og þá er tilvalið að nota afganginn næsta dag í léttu rétti á borð við þessa gómsætu böku með kalkúni, spínati og beikoni. Einnig er hægt að skipta út kalkúni fyrir kjúkling.

Fyrir 4-6

Bökudeig:

150 g kalt smjör

200 g hveiti

2 msk. vatn

Allt hnoðað saman og klætt í smurt eldfast mót. Stingið gaffli víða um botninn. Bakað í 15 mínútur við 200°C.

Fylling:

400 g kalkúnakjöt í teningum (af-gangar)

1 pk. beikon (um 150 g), smátt brytjað

1 laukur, finsaxaður

3 dl mjólk

5 egg

½ pk. frosið spínat

1 tsk. salt

½ tsk. hvítur pipar

1 dl rifinn ostur

Steikið lauk og beikon á pönnu, setjið kalkúnakjöt út í og hitið létt. Setjið í botninn á bökuskelinni. Pískið saman egg, mjólk, salt, pipar og þiðnað spínat. Hellið yfir kjötið, rifinn ostur settur yfir. Bakið við 200°C í 25 mín. eða þar til bakan er orðin gullinbrún. Berið fram með góðu salati og/eða brauði.
Heimild: www.kalkunn.is.

Einfaldur pastaréttur

Þessi réttur er æðislega góður og einfaldur í matreiðslu. Hægt er að nota risarækjur, humar eða hörpuðisk, jafnvel krækling eða bláskel. Rétturinn er fyrir fjóra.

200 g spagetti

1 pakki hörpuskel eða annar skel-fiskur

1 stórt hvítlauksrif, smátt skorið

1 msk. ólífuoía og smá smjör

1 poki klettasalat

Smá sítrónusafi

Salt og pipar

Sjóðið pastað eftir leiðbeiningum á pakkningum. Hitið olíu og smjör á pönnu og snöggsteikið hörpuskelina í um það bil tvær mínútur á hvorri hlið. Takið af pönnunni og setjið hvítlauk, sítrónusafa, salat, ólífuoíu og steinselju. Bragðbætið með salti og pipar. Setjið allt saman við pastað á meðan enn er heitt og berið strax fram.



Pasta með skelfiski er ágætis tilbreyting frá jólamatnum.

HUMAR

HUMAR
Stærð 30/40
3.600 kr/kg

HUMAR
Stærð 24/30
4.900 kr/kg

HUMAR
Stærð 18/24
5.900 kr/kg

HUMAR
Stærð 15/18
6.900 kr/kg

HUMAR
Stærð 12/15
7.900 kr/kg

HUMAR
Stærð 9/12
8.900 kr/kg

HUMAR
Stærð 7/9
9.900 kr/kg

HUMARSÚPA FISKIKÓNGSINS

SKELFLETTUR

HUMAR

- TÚNFISKSTEIKUR -
- LÖNGUHNNAKKAR -
- ÞORSKHNAKKAR -



Fiskikóngurinn

Sogavegi 3
Höfðabakka 1
Sími 555 2800

OPIÐ

30. DESEMBER 9-18.30

31. DESEMBER 9-13.00

Bílar & Farartæki

bilauppbod.is

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Hjólbarðar

VAKA



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppi ný. Vaka s. 567 6700



Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Alhliða málningarpjónusta löggilttra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com


Keypt & Selt

Til sölu



LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarpunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnara til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitipottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar



Fáðu þér appið!
www.fasteignir.is

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Þjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

Amaizin

ORGANIC

NÝ LÍFRÆN MEXIKÓSK OG GLÚTENFRÍ
VÖRULÍNA Á FRÁBÆRU VERÐI!



Fæst í Nettó, Hagkaup, Fjarðarkaup, Melabúðinni
og Heilsuhúsinu

Glucomed fyrir slitgigtina

Icepharma kynnr: Glucomed töflur sem innihalda glúkósamín til að draga úr einkennum vægrar til meðalsvæsinna slitgigtar í hné.

Slitgigt í hné er algengur gigt-sjúkdómur og eykst tíðnin með hækkandi aldri. Helstu einkenni geta meðal annars verið liðverkir og stíðleiki þegar fólk hefur verið lengi í kyrrstöðu,“ segir Klara Sveinsdóttir, lyfjafræðingur hjá Icepharma.

Glucomed er lyf sem fæst án lyfseðils í apótekum og er ætlað fullorðnum til að draga úr einkennum vægrar til meðalsvæsinna slitgigtar í hné.



Glucomed er lyf sem er ætlað fullorðnum til að draga úr einkennum vægrar til meðalsvæsinna slitgigtar í hné. Glucomed fæst án lyfseðils.



Hver tafla inniheldur sem samsvarar 625 mg af glúkósamíni og er dagskammturinn tvær töflur á dag til að draga úr einkennum. Hver pakking af Glucomed inniheldur 60 töflur.

Glúkósamín er efni sem er til staðar í brjóska og liðvökva. Rannsóknir hafa sýnt fram á að glúkósamín örvar myndun brjósks og hýalúrónsýru en hýalúrónsýra er smurefni liða.

Glucomed töflur innihalda glúkósamín og eru ætlaðar fullorðnum til að draga úr einkennum vægrar til meðalsvæsinna slitgigtar í hné. Skammtur: Tvær töflur á dag. Markaðsleyfishafi: Laboratoires Expanscience. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskrá.is. LAB171102 nóvember 2017.

Bætir andann og heilsuna að sprikla saman í vinnunni

Bjarni Már Ólafsson sjúkráþjálfari segir hreyfingu lykilatriði fyrir heilsuna. Algengustu álagsmeiðslin sem hann fái inn vegna vinnu tengjast hálsi, herðum og baki. Fólk sitji of lengi í sömu stöðu.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Áður fyrr var eflaust meira um að fólk fyndi fyrir líkamlegum einkennum vegna erfiðisvinnu en nú vinna svo margir við tölvu að einkenni vegna slæmra setstöðu eru gríðarlega algeng. Það sem ég verð helst var við í starfi mínu eru álagsmein sem tengjast slæmri, langvarandi vinnustöðu,“ segir Bjarni Már Ólafsson, sjúkráþjálfari. Ástæðuna segir hann líklega þá hversu lengi fólk er í sömu stöðu við vinnuna.

„Hinn hefðbundni skrifstofustarfsmaður situr í 8 klukkustundir í sömu stöðunni með stuttum hléum og pásurnar sennilega oftast nýttar til þess að fara og setjast einhvers staðar annars staðar,“ segir Bjarni Már.

„Algengustu einkenningin sem koma inn á borð til mín og tengjast vinnu eru frá hálsi, herðum og baki. Þá athugum við vinnustellningar og hvort það sé hægt að stilla stólinn, borðið og annað sem tengist vinnustöðum þannig að líkamsbeitingin sé sem best við vinnuna.

Það er auðvitað lykilatriði að kyrrsetufólk sinni líkamanum með hreyfingu utan vinnutíma en það kemur ekki í veg fyrir að einkenni komi fram fyrr eða síðar ef vinnustaða er slæm.“

Fá sjúkráþjálfara á vinnustaðinn

Víða má finna leiðbeiningar um hvernig eigi að stilla stóla og skrifborð og þá segir Bjarni nokkuð algengt að fyrirtæki fái sjúkráþjálfara til að gera úttekt á aðstöðunni og hjálpa starfsmönnum að laga hana að þeirra þörfum. Annað álag en líkamlegt hafi einnig sitt að segja.

„Streita spilar inn í líkamleg einkenni. Ef það er pressa á fólk að skila



Bjarni Már Ólafsson sjúkráþjálfari segir lífsnauðsynlegt að hreyfa sig. MYND/RAFN FRANKLÍN HRAFSSON

af sér vinnu er líklega að það gleymi að huga að líkamsstöðu, gleymi að standa upp til að hreyfa sig. Andlegt álag getur aukid vöðvaspennu og þreytu og sispennir vöðvar valda einkennum sem flestir kalla vöðvaþöglu. Þreytan getur dregid úr einbeitingu og hægt á viðbrögðum sem við þurfum kannski á að halda við líkamlega vinnu,“ segir Bjarni.

Til að fyrirbyggja eða draga úr álagseinkennum þurfi því að huga að vinnuádstöðunni en einnig að stunda reglulega hreyfingu.

„Við þurfum að koma blóð-

flæði um vöðvana sem hafa verið sispennir við vinnu dagsins. Styrktaræfingar og réttar teygjuæfingar geta hjálpað okkur að viðhalda góðri líkamsstöðu. Við tölvuvinnu er til dæmis algengt að axlir verði framdregnar og brjóstbakið hokið og ein vörn við því er að styrkja vöðva í brjóstbaki og teygja á brjóstvöðvum. Eg held að flestir átti sig á því að líkaminn er ekki byggður til þess að sitja eða liggja 24 tíma sólarhringsins. Því er eins gott að vinna á móti kyrrstöðunni með hreyfingu.“

Líkamsrækt í vinnunni

„Vinnuveitendur ættu að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að starfsmenn geti fléttað hreyfingu og líkamsrækt inn í vinnudaginn. Eitt atriði sem ég er mjög hrifinn af er að hvetja fólk og auðvelda því að geta hjólað eða gengið til vinnu. Þá þarf að vera góð aðstaða fyrir fólk að geyma hjól og helst þyrfti aðstöðu með sturtu og skápum.

Svo er frábært þegar starfsmönnum er boðið upp á aðstöðu til að stunda líkamsrækt á vinnu-

staðnum. Eg sjálfur sé um stöðvaþjálfun fyrir starfsmenn Samskipa þriðja veturinn í röð. Eg fer á staðinn í hádegina þrisvar sinnum í viku og set upp stöðvahring og leiðbeini fólk við æfingar í ágætlega útbúnum íþróttasal fyrirtækisins. Tvo daga vikunnar kemur jóga-kennari á staðinn og í annan tíma geta starfsmenn sjálfir farið í salinn. Allir græða á þessu, starfsmennirnir verða heilsuhraustari, skila eflaust betri vinnu yfir daginn og svo bætir þetta klárlega andann að hittast og sprikla saman í vinnunni.“

Frelsi í eigin líkama hjá Primal

Primal Iceland er ný líkamsræktarstöð í glæsilegu húsnæði að Faxafeni 12. Þar er boðið upp á Movement Improvement og Wim Hof námskeið sem og einkatíma, þar sem bæði er unnið í að útrýma verkjum og með æfingamarkmið viðkomandi. Liðleiki og hreyfigeta eru í hávegum höfð.

Þrjú reynslumiklir þjálfarar reka Primal Iceland, þeir Einar Carl, Helgi Freyr og Þór Guðnason. Þeir smíðuðu húsnæðið sjálfir frá grunni og sérsníðu það eftir sínum þörfum. Þeir endurnýttu mikið, meðal annars við úr pallettum og skápa úr búningaklefa í gömlu herstöðinni. Stöðin verður sú fyrsta sem býður upp á Wim Hof námskeið á Íslandi, enda er Þór eini Íslendingurinn sem hefur lokið kennararéttindum hjá Wim Hof.

Losa fólk við verki

Helgi Freyr segir að æfingaaðstaðan sé mjög góð hjá Primal. „Við bjóðum upp á Movement Improvement námskeið þar sem við erum í grunninn að kenna fólki að hreyfa sig og að opna fyrir eðlilega hreyfiferla líkamans. Það er mikil hreyfing í þessu námskeiði sem er sambland af hreyfilist, leikjum, teygjum og jafnvægisæfingum á borð við handstöðu. Æfingarnar gera það að verkum að fólk á mun auðveldara með allar hreyfingar í daglegu lífi.“

Til viðbótar við það vinna þeir með fólk í einkatímum. „Við erum einnig að vinna með fólk sem þjáist af verkjum auk þess sem við þjálfum afreksfólk í íþróttum. Þar má helst nefna landsliðsmenn í áhaldafimleikum sem og sigursæla CrossFittara,“ útskýrir Helgi.

Einkatímarnir eru fyrir þá sem þjáist af einhvers konar verkjum og þar fær viðskiptavinurinn einstaklingsmiðaða þjálfun en aðferðafræðin byggist á hreyfigreiningu þar sem orsök vandans er fundin og í kjölfarið er unnið markvisst í að lagfæra vandamálið.

Í hóptímunum er gert ráð fyrir að viðkomandi sé laus við öllum stöðkerfisvandamál og er unnið í því að bæta liðleika, styrk og almenna hreyfigetu.

Einnig hafa þeir heimsótt fyrirtæki og haldið vinnustofur um kyrrsetu og hvernig hægt er að sporna gegn henni sem og íþróttafélög, þar sem skoðað er hvernig best er að opna og styrkja þá hreyfiferla sem mest á reynir í viðkomandi íþrótt.

Góður árangur

Einar segir frá John Snorra sem kom til þeirra fyrir nokkrum árum en hann gat ekki klárað vinnudaginn vegna bakverkja. „Hann var búinn að reyna allt, sjúkraþjálfun og alls kyns æfingar. Við löguðum hann á tveimur tímum og hann varð fyrsti Íslendingurinn til að klífa K2. Annar maður, Þorsteinn að nafni og lögfræðingur að mennt, kom til okkar stírdur og stífur. Tveimur árum síðar fer hann auðveldlega í splitt. Áður náði hann ekki niður á tærnar á sér. Við segjum að hann sé eini sveigjanlegi lögfræðingurinn á landinu.“

Þeir félagar segja að líkamsræktin hafi ekki bara góð áhrif á liðleika heldur verði andlega hliðin einnig miklu betri þegar fólk er laust við verki og stírdleika.

Köld böð

Wim Hof námskeiðin eru námskeið þar sem kuldaþjálfun og öndunaræfingar eru notaðar í bland. „Wim Hof er Hollendingur sem hefur sannað fyrir vísindasamfélaginu að við getum þjálfað okkur í að stjórna ónæmiskerfinu með vidurkenndum aðferðum, þar á meðal er kuldaþjálfun og öndunaræfingar. Þessar aðferðir



Jafnvægi og styrkur einkenna hreyfilistina hjá Einari, Þór og Helga. MYNDIR/EYÞÓR



Einar, Helgi og Þór í köldu baði. Það er frábær leið til að losna við bólgur í líkamanum og ná tókum á ónæmiskerfinu. MYND/EYÞÓR



Það er líka sauna í Primal Iceland enda er gott að skiptast á heitum og köldum böðum.

Þeir félagar kennar sambland af hreyfilist, leikjum, teygjum og jafnvægisæfingum á borð við handstöðu.

Líkamsræktin hefur ekki bara góð áhrif á liðleika heldur verður andlega hliðin einnig miklu betri þegar fólk er laust við verki og stírdleika.

